# ÁRSSKÝRSLA



# 2005

## STJÓRN KKÍ

Á 44. ársþingi KKÍ á Selfossi voru eftirtaldir einstaklingar kosnir í stjórn KKÍ fyrir starfsárið 2004-2005.

| | |
|---|---|
| Formaður til tveggja ára: | Ólafur Rafnsson |
| Stjórnarmenn til tveggja ára: | Gísli Georgsson<br>Bjarni G. Þórmundsson<br>Eyjólfur Guðlaugsson |
| Í varastjórn til eins árs: | Hrannar Hólm<br>Guðbjörg Norðfjörð<br>Svali Björgvinsson |

Eftirtaldir stjórnarmenn áttu eitt ár eftir af kjörtímabili sínu:

| | |
|---|---|
| Meðstjórnendur: | Hannes S. Jónsson<br>Jón Halldórsson<br>Gísli Páll Pálsson |

Stjórnin skipti með sér verkum á eftirfarandi hátt:

| | |
|---|---|
| Formaður: | Ólafur Rafnsson |
| Varaformaður: | Hannes S. Jónsson |
| Ritari: | Bjarni G. Þórmundsson |
| Gjaldkeri: | Eyjólfur Guðlaugsson |
| Meðstjórnandi: | Gísli Georgsson |
| Meðstjórnandi: | Gísli Páll Pálsson |
| Meðstjórnandi: | Jón Halldórsson |

NEFNDIR, DÓMSTÓLL, ENDURSKOÐENDUR OG STARFSMENN KKÍ.

| | |
|---|---|
| Mótanefnd: | Ríkharður Hrafnkelsson<br>Hannes S. Jónsson<br>Jón Halldórsson |
| Dómaranefnd: | Hannes S. Jónsson<br>Aðalsteinn Hjartarson/Sigmundur Már Herbertsson<br>Helgi Bragason |
| Kvennalandsliðsnefnd: | Björg Hafsteinsdóttir<br>Guðbjörg Norðfjörð<br>María Guðmundsdóttir<br>Stefanía S. Jónsdóttir |
| Karlalandsliðsnefnd: | Hrannar Hólm<br>Gísli Páll Pálsson<br>Gísli Georgsson<br>Gunnar Jóhannsson |

| | |
|---|---|
| Unglingalandsliðsnefnd: | Björn Björgvinsson |
| | Þóra Melsteð |
| Dómstóll KKÍ: | Gísli Gíslason |
| | Halldór Halldórsson |
| | Helgi Ingólfur Jónsson |
| | Jóhannes Karl Sveinsson |
| | Bogi Hjálmtýsson |
| Aganefnd KKÍ: | Ágúst Jóhannesson |
| | Hrafn G. Johnsen |
| | Ingimar Ingason |
| Til vara: | Gunnar Aðalsteinsson |
| | Jón Halldórsson |
| | Snorri Örn Arnaldsson |
| Félagaskiptanefnd: | Bjarni Steinarsson |
| | Halldór Halldórsson |
| | Elínborg Guðnadóttir |
| Til vara: | Kristinn Jörundsson |
| | Birgir Hákonarson |
| | Ragnar B. Sigurðsson |
| Endurskoðendur: | Ottó Hafliðason |
| | Gísli Friðjónsson |
| Framkvæmdastjóri: | Hannes Birgir Hjálmarsson |
| Mótastjóri: | Björn Leósson |

Upplýsingar um störf nefnda koma fram í skýrslum þeirra.

# SKÝRSLA STJÓRNAR

Fljótlega eftir að ársþingi í byrjun maí 2004 á Selfossi lauk kom stjórn KKÍ saman og skipti með sér verkum. Stjórnin hélt 15 bókaða fundi auk fjölmargra annarra formlegra og óformlegra funda.

**TILNEFNING Á KÖRFUKNATTLEIKSMANNI OG KONU ÁRSINS**
Samkvæmt beiðni frá ÍSÍ tilnefna öll sérsambönd innan ÍSÍ íþróttamann og konu innan sinnar greinar. Stjórn KKÍ valdi að þessu sinni þau Birnu Valgarðsdóttur, Keflavík og Jón Arnór Stefánsson, Dynamo St. Petersburg.

**NÝR FRAMKVÆMDASTJÓRI**
Framkvæmdastjóraskipti urðu á starfsárinu er Hannes Birgir Hjálmarsson tók við starfi framkvæmdastjóra af Snorra Sturlusyni þann 1. júlí.

**FORMANNAFUNDIR**
Tveir formannafundir voru haldnir á tímabilinu. Fyrri fundurinn var haldinn 19. september 2004. Var m.a. rætt var um aukna upplýsingagjöf til fjölmiðla frá félögunum og KKÍ og mikilvægi þess að félögin stæðu sig vel við að koma fréttum á heimasíður og til fjölmiðla. Síðari formannafundurinn var haldinn 19. mars 2005  Þar var m.a. rætt um fjölda erlendra leikmanna og reglugerð um þátttöku í úrvalsdeild.

**ÚTGÁFA Á TÍMARITINU KÖRFUBOLTINN**
KKÍ gaf út blaðið Körfuboltinn 2004-2005 og var blaðið hið vandaðasta. Eggert Baldvinsson og Tómas Gunnar Viðarsson sáu um gerð blaðsins og ritstjórn líkt og í fyrra og fórst það vel úr hendi. Kom blaðið út í 10.000 eintökum og var dreift til félaganna og einnig lá það frammi í öllum verslunum og afgreiðslustöðum Skeljungs og Intersport.

**PISTLASKRIF Á KKI.IS**
Ólafur Rafnsson formaður KKÍ hefur haldið úti pistlaskrifum á KKI.IS. Skrif þessi hafa vakið töluverða athygli, bæði innan íþróttahreyfingarinnar sem utan.

**SAMNINGUR VIÐ INTERSPORT**
Þriggja ára samningur við Intersport um úrvalsdeild karla rann út í lok leiktíðar 2004-2005. Hefur samstarfið gengið vel og hafa félögin staðið sig vel í að halda nafni Inersport á lofti. Ljóst er að finna þarf nýjan stuðningsaðila fyrir deildina og hefur leit að nýjum aðalstyrktaraðila þegar hafist.

**SAMNINGUR VIÐ ICELANDAIR**
KKÍ er með samning í gildi við Icelandair eins og mörg undanfarin ár. Samstarfið hefur gengið vel og er samningurinn í gildi út árið 2005.

**SAMNINGUR VIÐ HÓPBÍLA**
Áframhaldandi samstarf er við Hópbíla. Samstarfið byggir á löngu og ánægjuríku samstarfi við Gísla Friðjónsson forstjóra Hópbíla.

**SAMNINGUR VIÐ SÝN OG RÚV.**
Gerður var samningur við báðar sjónvarpsstöðvarnar. Báðar stöðvarnar sýndu frá leikjum í Intersportdeildinni og RÚV frá leikjum í 1. deild kvenna. SÝN sýndi frá úrslitakeppninni í Intersportdeildinni og RÚV sýndi frá úrslitaleikjum í bikarkeppni KKÍ og Lýsingar sem og úrslitaleikjunum í Hópbílabikarnum. Jafnframt sýndi RÚV beint frá stjörnuleikjum kvenna og karla.  Samtals urðu beinar sjónvarpsútsendingar á þriðja tuginn.

**SAMNINGUR VIÐ LENGJUNA**
Samningur við Lengjuna er enn í gangi upp á fasta árlega greiðslu. Ástæða er til að hvetja körfuknattleiksunnendur að tippa á Lengjunni, 1x2 og í Lottóinu en þessi fyrirtæki eru mjólkurkýr hreyfingarinnar og halda í raun lífi í sérsamböndum ÍSÍ.

**SAMNINGUR VIÐ SAFALANN.**
KKÍ er með samning við heildverslunina SAFALANN sem flytur inn Errea, vegna búninga á öll landslið Íslands í körfuknattleik. Samningurinn rennur út í lok ársins 2006.

**SAMNINGUR VIÐ AUSTURBAKKA**
Samningur var gerður við Austurbakka um skó fyrir A-landslið karla og kvenna til tveggja ára.

**SAMNINGUR VIÐ TANDY/BADEN**
KKÍ er með samning við Tandy/Baden um notkun á BADEN körfuboltum í Intersport-deild og 1. deild kvenna. Tandy/Baden útvegar bolta fyrir KKÍ sem dreifir til landsliða og liða í efstu deildum karla og kvenna.

**LOKAHÓF KKÍ**
Lokahófið var að þessu sinni haldið í Stapanum í Reykjanesbæ. Mæting á hófið var með ágætum en ástæða er til að huga að því hvernig megi tryggja betri og stöðugri mætingu á lokahófið. Hófið sjálft tókst vel og vöktu heimatilbúin skemmtiatriði lukku viðstaddra. Hljómsveitin Papar lék svo fyrir dansi eftir verðlaunaafhendingu.

**KÖRFUBOLTABÚÐIR FANNARS OG LOGA**
Fannar Ólafsson og Logi Gunnarsson fóru um landið með körfuboltabúðir sl. sumar í samstarfi við KKÍ og tókust þær vel.

**ÆFINGABÚÐIR KKÍ OG BADEN**
Ágúst S. Björgvinsson í samstarfi við BADEN stóð fyrir æfingabúðum sl. sumar sem tókust vel.

**UNGIR OG EFNILEGIR**
KKÍ fékk áframhaldandi styrk fyrir Helenu Sverrisdóttur og til viðbótar styrk fyrir Brynjar Þór Björnsson og Hafþór Júlíus Björnsson, úr sjóði fyrir unga og efnilega.

**EFTIRLITSNEFND ÚRVALSDEILDAR**
Eftirlitsnefndin var að störfum líkt og í fyrra og úrskurðaði um brot á reglugerð um úrvalsdeild.

**MILLIÞINGANEFND UM DÓMARAMÁL**
Milliþinganenfd um dómaramál var að störfum milli þinga og lauk störfum með því að leggja fram skýrslu sem verður tekin fyrir á ársþingi 2005.

**MEISTARAKEPPNIN Í KÖRFUKNATTLEIK**
Meistarakeppnin – góðgerðaleikirnir voru haldnir í áttunda sinn. Leikirnir fóru fram í Keflavík þar sem Keflvíkingar mættu Njarðvíkingum í karlaflokki og ÍS í kvennaflokki. Ágóðinn rann að þessu sinni til MND-félagsins í minningu Rafns Jónssonar, sem lést á árinu.

**STJÖRNULEIKIR KKÍ**
Stjörnuleikir KKÍ fóru fram í Valsheimilinu að Hlíðarenda með góðri aðstoð Valsmanna. Í fyrsta sinn var leikinn stjörnuleikur kvenna og er ástæða til að halda þeim viðburði áfram sé þess kostur. Leikirnir voru báðir sýndir beint á RÚV og þótti útsending takast afar vel. Í kvennaleiknum lék landslið Íslands gegn erlendum leikmönnum í 1. deild kvenna. Fyrir karlaleikinn fóru liðin í heimsókn á Barnaspítala Hringsins og fékk þar góðar viðtökur. Val á

leikmönnum í karlaleikinn fór fram á heimasíðu KKÍ og eftir örlítil vandamál tókst að manna liðin í karlaflokki, annað skipað íslenskum leikmönnum og hitt erlendum leikmönnum í Intersport-deild. Verðlaun frá Símanum (farsímar) og kassi af PowerAde orkudrykk voru veitt fyrir sigur í troðslukeppninni karla og í þriggja stiga skotkeppninni karla og kvenna.

**NETIÐ OG VEFSÍÐA KKÍ**

Notkun netsins fer mjög vaxandi í allri starfsemi KKÍ og í samskiptum við t.d. félög og fjölmiðla. Leikvarpið hefur sannað gildi sitt og hafa flest félögin staðið sig vel í að nota og senda inn úrslit og tölfræðiupplýsingar. Ástæða er til að ítreka mikilvægi þess að setja inn tölfræði strax að leikjum loknum því bæði fylgist almenningur með þessu svo og fjölmiðlar. Þeir nýta sér í auknum mæli upplýsingar sem þar koma fram. Enn sem fyrr hafa Óskar Ófeigur Jónsson og Rúnar Gíslason verið óþreytandi við að setja inn úrslit á vefinn og Óskar hefur unnið frábært starf við að setja inn fréttir af úrslitum leikja í yngri flokkum, utanumhald á tölfræði úrslitaleikja auk ýmis konar tölfræði sem finna má undir greinar á vef KKÍ.

**VEFSÍÐUR FÉLAGANNA**

Öll félög í Intersportdeildinni og reyndar mörg önnur einnig, hafa komið upp vefsíðu, og eru nú alls 33 aðildarfélög með vefsíður. Slíkt er mikilvæg þjónusta við áhangendur og í raun fjölmiðla einnig. KKÍ hefur verðlaunað bestu vefi félaganna. Vefsíða mánaðarins hefur verið valin af dómnefnd allt tímabilið og er skemmst frá því að segja að vefsíða KR vann verðlaunin í öll skiptin. KR-vefurinn var í rökréttu framhaldi valin vefur ársins á lokahófi KKÍ.  Ætlunin er að halda áfram að verðlauna félögin fyrir góða frammistöðu á vettvangi vefsíðna.

**FJÖLMIÐLAR**

Á formannafundi sl. haust var rætt um að stórbæta upplýsingastreymi frá félögunum til fjölmiðla. Að hluta til var það gert í gegn um vefsíður félaganna en einnig var rætt um að senda fréttatilkynningar til fjölmiðla þegar eitthvað gerðist hjá félaginu, leikmaður meiddist eða annað sem fréttnæmt geti talist. Almenn ánægja var meðal fjölmiðlamanna hvernig KR-ingar stóðu að málum í vetur. Ástæða er að hvetja félögin til að senda fréttatilkynningar til fjölmiðlanna með afriti á KKÍ.

**FUNDIR**

Ólafur Rafnsson og Snorri Sturluson sóttu ársfund FIBA Europe sem haldinn var í Prag í maí sl. Ólafur hefur sótt tvo fundi stjórnar og Pétur Hrafn Sigurðsson einn fund unglinganefndarinnar. Í október var fundur Norðurlandaþjóðanna haldinn í Kaupmannahöfn. Ólafur Rafnsson og Eyjólfur Guðlaugsson fóru á stjörnuleik NBA, ásamt gestum tengdum Íslenskri erfðagreiningu í boði Icelandair, sem var helsti styrktaraðilar ferðarinnar ásamt NBA.

**SETNING ÍSLANDSMÓTSINS**

Setning mótsins fór að þessu sinni fram í íþróttahúsi nýliða Fjölnis að Dalhúsum í Grafarvogi.

**VÍGSLA ÍÞRÓTTAHÚSA**

Nýtt íþróttahús var vígt í Hólmavík, KKÍ gaf bolta til notkunar í húsinu.

**FJÖLMIÐLASEMINAR**

Eins og mörg undanfarin ár hélt KKÍ fjölmiðlaseminar þar sem íþróttafréttamenn og forystumenn KKÍ hittust og skiptast á skoðunum. Í ár var farið í Grafarvoginn þar sem körfuknattleiksdeild Fjölnis tók á móti hópnum með miklum myndarbrag. Deildinni er hér með þakkað fyrir. Fjölmiðlamenn leysa körfuboltaþrautir og taka skriflegt próf á þessu seminari. Sigurvegarinn í ár var Hrafnkell Kristjánsson hjá RÚV.

**ÞJÁLFARASEMINAR**
KKÍ hélt í fyrsta sinn þjálfaraseminar þar sem þjálfarar meistaraflokka hittust í félagsheimili KR í Frostaskjóli og hlýddu á fyrirlestra. Þjálfararnir þurftu að leysa körfuboltaþrautir og taka skriflegt próf. Sigurvegarinn á þessu fyrsta þjálfarseminari var Henning Henningsson.

**STARFSSKÝRSLUR ÍSÍ**
Samkvæmt starfsskýrslum ÍSÍ eru 5567 iðkendur í körfuknattleik árið 2003 og er það fækkun um 350 iðkendur frá fyrra ári. Þegar farið er yfir iðkendatölur félaganna sést að nokkur misbrestur er á að félögin standi vel að skráningu iðkenda sinna og voru sum félög með miklum mun færri iðkendur skráða í starfsskýrslur heldur en æfa í raun. Mikilvægt er að hafa þessa skráningu í lagi. Vonir standa til þess að skráningar verði nákvæmari með tilkomu Felix forritsins sem ÍSÍ hefur nýverið tekið í notkun.

**FRAMLÖG FRÁ ÍSÍ**
Peningaleg framlög frá ÍSÍ hafa aukist á þessu ári í gegnum Afrekssjóð ÍSÍ og er það vel. ÍSÍ hefur fengið auknar fjárveitingar og hafa þær runnið til sérsambandanna.

**GOLFMÓT KÖRFUKNATTLEIKSMANNA**
Golfmótið fór fram í sjötta sinn og var það haldið á Akranesi undir öruggri stjórn formanns mótanefndar KKÍ, Ríkharðs Hrafnkelssonar. Jón Halldórsson, Njarðvík, sigraði með forgjöf og Gísli Sigurbergsson, Haukum, sigraði án forgjafar. Mótið í ár verður haldið 11. júní nk. á Hellu.

**LYFJAMÁLEFNI**
Alls voru 22 körfuknattleiksmenn teknir í lyfjapróf hjá ÍSÍ, sem öll voru athugasemdalaus, að undanskildu einu máli sem enn er til meðferðar.

**HEIÐURSVIÐURKENNINGAR**
Á ársþingi KKÍ 2004 á Selfossi voru veitt eftirfarandi heiðursmerki: Gylfi Þorkelsson silfurmerki, Pétur Hrafn Sigurðsson gullmerki og Ellert B. Schram gullmerki.
Árna Sigfússyni bæjarstjóra í Reykjanesbæ var afhent gullmerki sambandsins á lokahófi þess nú í apríl. Silfurmerki fengu Hrannar Hólm, Keflavík, Friðrik Ingi Rúnarsson, Benedikt Guðmundsson, Fjölni.

**ANDLÁT**
Stefán Ingólfsson fyrrum formaður KKÍ lést á árinu. Stefán var formaður KKÍ á árunum 1978-81. Stefán var mikill körfuknattleiksunnandi og tíður gestur á kappleikjum í körfuknattleik. Stefán Ingólfsson var dyggur stuðningsmaður ÍR og stýrði unglingastarfi félagsins með miklum myndarskap á árunum 1992-1998.

# SKÝRSLA MÓTANEFNDAR

Mótanefnd var skipuð þeim Ríkharði Hrafnkelssyni formanni, Hannesi S. Jónssyni og Jóni Halldórssyni. Björn Leósson var starfsmaður mótanefndar.

Keflavík varð deildarmeistari í Intersport-deildinni, Tindastóll og KFÍ féllu í 1. deild. Úrslitakeppnin var mjög skemmtileg og spennandi og var mál manna að hún hefði aldrei verið jafn áhugaverð. Margar viðureignir enduðu með oddaleikjum. ÍR hafði sigur á Njarðvíkingum í tveimur viðureignum og kom það mörgum á óvart. Í oddaleikjum slógu Keflvíkingar Grindvíkinga út, Snæfell vann KR og Fjölnir lagði Skallagrím. Í undanúrslitum byrjaði ÍR á því að sigra Keflavík á útivelli, en tapaði síðan næstu þremur leikjum. Snæfell vann Fjölni í þremur leikjum. Í lokaúrslitunum mættust Keflavík og Snæfell annað árið í röð. Í afar áhugaverðum úrslitaleikjum fór svo að Keflavík hafði 3-1 sigur, líkt og í fyrra.

Njarðvík fagnaði sigri í bikarkeppni KKÍ & LÝSINGAR eftir úrslitaleik við Fjölni, sem lék sinn fyrsta bikarúrslitaleik. Grindavík og Haukar mættust í úrslitaleik kvenna og sigruðu Haukar í jöfnum og spennandi leik. Í Hópbílabikarnum vann Snæfell eftir úrslitaleik gegn Njarðvíkingum. Snæfell sigraði Grinadvík í undanúrslitum, en Njarðvíkingar lögðu Keflvíkinga. Keppnin fór nú fram í Laugardalshöll, annað árið í röð. Keflavík sigraði í Hópbílabikar kvenna, sem haldin var í fimmta sinn. Úrslitaleikurinn fór fram í DHL-höll þeirra KR-inga. Í úrslitaleik bar Keflavík sigurorð af ÍS. Undanúrslit keppninnar fóru að þessi sinni fram í Laugardalshöll samhliða úrslitum karla. Keflavík vann Grindavík og ÍS hafði betur gegn Haukum.

Í 1. deild kvenna léku sex félög, Haukar komu upp úr 2. deild. Keflavík varð deildarmeistari og einnig Íslandsmeistari eftir þrjá úrslitaleiki gegn Grindavík. Keflvíkingar slóg ÍS út í undanúrslitum, 2-1, en Grindavík hafði betur gegn Haukum, 2-0. KR féll í 2. deild í fyrsta sinn í sögu félagsins.

1. deild karla var skipuð tíu féögum. Þór Ak. varð deildarmeistari og vann sér þar með sæti í Intersport-deildinni, en liðin í 2.-5. sæti háðu úrslitakeppni. Valur og Breiðablik áttust við annars vegar og Höttur og Stjarnan hins vegar. Valur og Höttur sigruðu mótherja sina í oddaleikjum og léku til úrslita og hitt sætið í Intersport-deildinni. Svo fór að Höttur sigraði í tveimur leikjum og vann sér sæti í efstu deild í fyrsta sinn í sögu félagsins. ÍA og Ármann/Þróttur féllu í 2. deild.

Alls var leikið í 6 landshlutadeildum í 2. deild karla. Úrslitakeppni 2. deildar karla, A-liða, fór að þessu sinni fram í Vestmannaeyjum. Reynir S. og HHF léku til úrslita og svo fór að HHF sigraði og leikur í 1. deild að ári, ásamt Reyni S.

Sjö lið tóku þátt í 2. deild kvenna, tveimur færri en árið áður. Þór Ak. og ÍR heltust úr lestinni. Breiðablik tryggði sér sæti í 1. deild, sigraði í öllum leikjum sínum í deildinni nema einum.

Bikarúrslit yngri flokka voru haldin í íþróttamiðstöðinni í Grafarvogi í byrjun mars annað árið í röð. Fjölnir hafði veg og vanda að skipulagningu og umgjörð leikjanna sem var eins og best verður á kosið.

Úrslitakeppni yngri flokka fór að þessu sinni fram að Hlíðarenda, þar sem Laugardalshöllin stóð ekki til boða. Keppnin fór fram aðra og þriðju helgina í apríl. KKÍ fékk aðstoða frá Val við að bæta umgjörð keppninnar frá því sem verið hefur, en bæta mætti umgjörðina enn frekar, í líkingu við það sem tíðkast í úrslitaleikjum bikarkeppninnar. Mótanefnd finnst þó að leggja beri áherslu á að keppnin fari fram í Laugardalshöll sé þess nokkur kostur.

Nokkur brögð voru að því að dómarar skiluðu skýrslum seint eða ekki til KKÍ. Nauðsynlegt er að dómarar taki sig á hvað þetta varðar og skili skýrslum án tafar til KKÍ að leik loknum. Einnig bar á því að félögin skiluðu ekki skýrslum til KKÍ, einkum í drengjaflokki og unglingaflokki kvenna. Þar sem KKÍ-dómarar eru ekki á þessum leikjum er nauðsynlegt að félögin haldi vel utan um þessar skýrslur og komi þeim án tafar til KKÍ.

Alls sendu 49 félög lið til keppni á Íslandsmótinu 2004-2005. Félögum sem taka þátt í Íslandsmótinu fjölgaði því um tvö frá síðasta ári. Nokkur félög sem voru með árið áður tóku ekki þátt að þessu sinni, en þrjú ný bættist við. Þau félög sem sendu ekki lið til keppni voru: Grundarfjörður/Reynir H. sendu ekki sameiginlegt lið til keppni, en Reynir H. skráði lið til keppni. Hamar og Selfoss sendu sameiginlegt lið til keppni í stað þess að leika hvort í sínu lagi). Ný félög voru Ljónin, Leiknir og Brokey. Af þessum 49 félögum tóku 45 þátt í deildarkeppninni í meistaraflokki, en 4 félög sendu aðeins lið til keppni í yngri flokkunum. Þau voru: Kormákur, Reykdælir, UMF Álftanes (áður UMF Bessastaðahrepps) og Garpur.

## ÍSLANDSMÓT 2004-2005

Íslandsmeistarar í einstökum flokkum urðu sem hér segir:

| | |
|---|---|
| Meistaraflokkur karla - Intersport-deild | Íþrótta og ungmennafélagið Keflavík |
| 1. deild kvenna | Íþrótta og ungmennafélagið Keflavík |
| 1. flokkur karla (2. deild b-lið) | Knattspyrnufélagið Haukar |
| Unglingaflokkur karla | Ungmennafélag Njarðvíkur |
| Unglingaflokkur kvenna | Knattspyrnufélagið Haukar |
| Drengjaflokkur | Knattspyrnufélag Reykjavíkur |
| 11. flokkur karla | Ungmennafélagið Fjölnir |
| 10. flokkur karla | Ungmennafélag Njarðvíkur |
| 10. flokkur kvenna | Knattspyrnufélagið Haukar |
| 9. flokkur karla | Knattspyrnufélag Reykjavíkur |
| 9. flokkur kvenna | Knattspyrnufélagið Haukar |
| 8. flokkur karla | Ungmennafélagið Fjölnir |
| 8. flokkur kvenna | Ungmennafélag Njarðvíkur |
| 7. flokkur karla | Ungmennafélagið Fjölnir |
| 7. flokkur kvenna | Knattspyrnufélagið Haukar |
| Minnibolti drengja | Breiðablik ungmennafélag |
| Minnibolti stúlkna | Íþrótta og ungmennafélagið Keflavík |

ÍSLANDSMEISTARAR Í 2. DEILD YNGRI FLOKKA

| | |
|---|---|
| 8. flokkur karla | Breiðablik ungmennafélag b-lið |
| 7. flokkur karla | Breiðablik ungmennafélag c-lið |
| Minnibolti drengja | Knattspyrnufélag Reykjavíkur b-lið |

DEILDARMEISTARAR Í NEÐRI DEILDUM

| | |
|---|---|
| 1. deild karla | Íþróttafélagið Þór Akureyri |
| 2. deild karla | Hérðassambandið Hrafnaflóki |
| 2. deild kvenna | Breiðablik ungmennafélag |

**MEISTARFLOKKUR KARLA INTERSPORT-DEILD**

| Nr. | Félag | Leik | U | T | Stig | Nett | Stig |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. | Keflavík | 22 | 18 | 4 | 2052:1780 | 272 | 36 |
| 2. | Snæfell | 22 | 16 | 6 | 1964:1827 | 137 | 32 |
| 3. | UMFN | 22 | 15 | 7 | 1964:1773 | 191 | 30 |
| 4. | Fjölnir | 22 | 13 | 9 | 2077:2021 | 56 | 26 |
| 5. | Skallagrímur | 22 | 12 | 10 | 1935:1869 | 66 | 24 |
| 6. | ÍR | 22 | 12 | 10 | 2002:1995 | 7 | 24 |
| 7. | KR | 22 | 11 | 11 | 2038:1975 | 63 | 22 |
| 8. | UMFG | 22 | 10 | 12 | 2031:2067 | -36 | 20 |
| 9. | Haukar | 22 | 9 | 13 | 1934:1919 | 15 | 18 |
| 10. | Hamar/Selfoss | 22 | 8 | 14 | 1983:2059 | -76 | 16 |
| 11. | Tindastóll | 22 | 6 | 16 | 1879:2115 | -236 | 12 |
| 12. | KFÍ | 22 | 2 | 20 | 1863:2322 | -459 | 4 |

ÚRSLIT LEIKJA Í ÚRSLITAKEPPNI INTERSPORT-DEILDAR

8-LIÐA ÚRSLIT

| | | | |
|---|---|---|---|
| Keflavík – UMFG | 101-80 | Snæfell – KR | 89-91 |
| UMFG – Keflavík | 87-76 | KR – Snæfell | 57-82 |
| Keflavík – UMFG | 80-75 | Snæfell – KR | 116-105 |
| UMFN – ÍR | 101-106 | Fjölnir – Skallagrímur | 76-74 |
| ÍR – UMFN | 86-83 | Skallagrímur – Fjölnir | 93-81 |
| | | Fjölnir – Skallagrímur | 72-70 |

4-LIÐA ÚRSLIT

| | | | |
|---|---|---|---|
| Keflavík – ÍR | 80-88 | Snæfell – Fjölnir | 103-101(93-93) |
| ÍR – Keflavík | 72-98 | Fjölnir – Snæfell | 69-83 |
| Keflavík – ÍR | 97-79 | Snæfell – Fjölnir | 80-77 |
| ÍR – Keflavík | 72-97 | | |

ÚRSLIT

| | |
|---|---|
| Keflavík – Snæfell | 90-75 |
| Snæfell – Keflavík | 97-93 |
| Keflavík – Snæfell | 86-83 |
| Snæfell – Keflavík | 88-98 |

**TÖLFRÆÐI INTERSPORT-DEILDAR - VERÐLAUNAHAFAR**
(Sjá nánar www.kki.is)

| | | | |
|---|---|---|---|
| Flest stig í INTERSPORT – deild | Joshua Helm | KFÍ | 37,2 |
| Besta nýting úr 3ja stiga skotum | Jeb Ivey | Fjölnir | 43,3% |
| Besta vítanýting | Jeb Ivey | Fjölnir | 90,3% |
| Flest fráköst | George Byrd | Skallagrímur | 16,2 |
| Flestar stoðsendingar | Bethuel Fletcher | Tindastóll | 8,2 |
| Flest varin skot | Friðrik Stefánsson | UMFN | 2,7 |
| Flestir stolnir boltar | Nick Bradford | Keflavík | 4,1 |

## ÖNNUR EINSTAKLINGSVERÐLAUN SEM AFHENT VORU Á LOKAHÓFI KKÍ

| | | |
|---|---|---|
| Úrvalslið Intersport-deildar | Sævar Haraldsson | Haukar |
| | Magnús Þór Gunnarsson | Keflavík |
| | Sigurður Þorvaldsson | Snæfell |
| | Hlynur Bæringsson | Snæfell |
| | Friðrik Stefánsson | UMFN |

| | | |
|---|---|---|
| Besti leikmaður | Sigurður Þorvaldsson | Snæfell |
| Besti ungi leikmaðurinn | Brynjar Þór Björnsson | KR |
| Besti erlendi leikmaður | Joshua Helm | KFÍ |
| Besti varnarmaðurinn | Friðrik Stefánsson | UMFN |
| Besti þjálfari | Benedikt Guðmundsson | Fjölnir |
| Besti dómari | Sigmundur Már Herbertsson | UMFN |
| Prúðasti leikmaðurinn | Lárus Jónsson | KR |

## LOKASTAÐAN Í 1. DEILD KVENNA

| Nr. | Félag | Leik | U | T | Stig | Nett | Stig |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. | Keflavík | 20 | 17 | 3 | 1619:1258 | 361 | 34 |
| 2. | UMFG | 20 | 13 | 7 | 1229:1224 | 5 | 26 |
| 3. | Haukar | 20 | 11 | 9 | 1371:1386 | -15 | 22 |
| 4. | ÍS | 20 | 11 | 9 | 1288:1218 | 70 | 22 |
| 5. | UMFN | 20 | 6 | 14 | 1230:1308 | -78 | 12 |
| 6. | KR | 20 | 2 | 18 | 1181:1524 | -343 | 4 |

ÚRSLIT LEIKJA Í ÚRSLITAKEPPNI 1. DEILDAR KVENNA

4-LIÐA ÚRSLIT

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Keflavík – ÍS | 77-71 | (64-64) | UMFG - Haukar | 71-70 |
| ÍS – Keflavík | 75-54 | | Haukar - UMFG | 56-75 |
| Keflavík – ÍS | 79-73 | | | |

ÚRSLIT

| | | |
|---|---|---|
| Keflavík – UMFG | 88-71 | |
| UMFG – Keflavík | 87-89 | (81-81) |
| Keflavík - UMFG | 70-57 | |

## TÖLFRÆÐI 1. DEILDAR KVENNA - VERÐLAUNAHAFAR

| | | | |
|---|---|---|---|
| Besta vítanýting | Alda Leif Jónsdóttir | ÍS | 88,8% |
| Besta nýting úr 3ja stiga skotum | Reshea Bristol | Keflavík | 44% |
| Flest stig | Helena Sverrisdóttir | Haukar | 22,8 |
| Flest fráköst | Signý Hermennsdóttir | ÍS | 13,8 |
| Flest varin skot | Signý Hermannsdóttir | ÍS | 3,1 |
| Flestir stolnir boltar | Reshea Bristol | Keflavík | 6,8 |
| Flestar stoðsendingar | Reshea Bristol | Keflavík | 7,8 |

## ÖNNUR EINSTAKLINGSVERÐLAUN SEM AFHENT VORU Á LOKAHÓFI KKÍ

| | | |
|---|---|---|
| Úrvalslið 1. deildar kvenna | Alda Leif Jónsdóttir | ÍS |
| | Helena Sverrisdóttir | Haukar |
| | Bryndís Guðmundsdóttir | Keflavík |
| | Birna Valgarðsdóttir | Keflavík |
| | Signý Hermannsdóttir | ÍS |
| Besti leikmaður | Helena Sverrisdóttir | Haukar |
| Besti ungi leikmaðurinn | Bryndís Guðmundsdóttir | Keflavík |
| Besti varnarmaðurinn | Pálína Gunnlaugsdóttir | Haukar |
| Besti þjálfari | Ágúst S. Björgvinsson | Haukar |
| Besti erlendi leikmaðurinn | Reshea Bristol | Keflavík |
| Prúðasti leikmaðurinn | Sólveig Gunnlaugsdóttir | UMFG |

## LOKASTAÐAN Í 1. DEILD KARLA

| Nr. | Félag | Leik | U | T | Stig | Nett | Stig |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. | Þór Ak. | 18 | 17 | 1 | 1698:1269 | 429 | 34 |
| 2. | Valur | 18 | 14 | 4 | 1651:1460 | 191 | 28 |
| 3. | Höttur | 18 | 11 | 7 | 1607:1559 | 48 | 22 |
| 4. | Stjarnan | 18 | 11 | 7 | 1501:1452 | 49 | 22 |
| 5. | Breiðablik | 18 | 10 | 8 | 1500:1355 | 145 | 20 |
| 6. | Þór Þorl. | 18 | 8 | 10 | 1327:1317 | 10 | 16 |
| 7. | Drangur | 18 | 6 | 12 | 1298:1428 | -130 | 12 |
| 8. | ÍS | 18 | 5 | 13 | 1363:1527 | -164 | 10 |
| 9. | ÍA | 18 | 4 | 14 | 1234:1535 | -301 | 8 |
| 10. | Árm./Þrótt | 18 | 4 | 14 | 1354:1631 | -277 | 8 |

ÚRSLIT LEIKJA Í ÚRSLITAKEPPNI 1. DEILDAR KARLA

4-LIÐA ÚRSLIT

| | | | |
|---|---|---|---|
| Valur – Breiðablik | 90-72 | Höttur – Stjarnan | 91-86 |
| Breiðablik – Valur | 101-79 | Stjarnan – Höttur | 86-79 |
| Valur – Breiðablik | 87-72 | Höttur – Stjarnan | 100-74 |

ÚRSLIT

| | |
|---|---|
| Valur – Höttur | 87-89 |
| Höttur – Valur | 91-56 |

## 2. DEILD KARLA

Alls tók 23 félög þátt í 2. deild karla. Auk þess tóku 1. flokks lið þátt í deildinni sem B-lið. Deildinni skipt í sex landshlutadeildir og leikið var heima og að heiman.

## LOKASTAÐAN Í 2. DEILD KARLA A-1

| Nr. | Félag | Leik | U | T | Stig | Nett | Stig |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. | Ljónin | 14 | 12 | 2 | 1415:988 | 427 | 24 |
| 2. | Valur B | 14 | 11 | 3 | 1242:964 | 278 | 22 |
| 3. | Haukar B | 14 | 10 | 4 | 1176:932 | 244 | 20 |
| 4. | Reynir S. | 14 | 10 | 4 | 1212:1023 | 189 | 20 |
| 5. | ÍR B | 14 | 5 | 9 | 1052:1187 | -135 | 10 |
| 6. | Leiknir R. | 14 | 4 | 10 | 830:1097 | -267 | 8 |
| 7. | Þróttur V. | 14 | 4 | 10 | 1023:1382 | -359 | 8 |
| 8. | Umf. Glói | 14 | 0 | 14 | 896:1273 | -377 | 0 |

## LOKASTAÐAN Í 2. DEILD KARLA A-2

| Nr. | Félag | Leik | U | T | Stig | Nett | Stig |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. | Fjölnir B | 12 | 9 | 3 | 956:841 | 115 | 18 |
| 2. | KR B | 12 | 8 | 4 | 938:852 | 86 | 16 |
| 3. | HK | 12 | 7 | 5 | 926:830 | 96 | 14 |
| 4. | HHF | 12 | 7 | 5 | 958:878 | 80 | 14 |
| 5. | Ungl. landslið | 12 | 6 | 6 | 830:854 | -24 | 12 |
| 6. | ÍA B | 12 | 3 | 9 | 722:938 | -216 | 6 |
| 7. | Hrönn | 12 | 2 | 10 | 734:871 | -137 | 4 |
| 8. | Reynir H | 0 | 0 | 0 | 0:0 | 0 | 0 |

## LOKASTAÐAN Í 2. DEILD KARLA A-3

| Nr. | Félag | Leik | U | T | Stig | Nett | Stig |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. | ÍG | 14 | 12 | 2 | 1305:982 | 323 | 24 |
| 2. | Keflavík B | 14 | 10 | 4 | 1097:1017 | 80 | 20 |
| 3. | Breiðablik B | 14 | 10 | 4 | 1093:984 | 109 | 20 |
| 4. | Deiglan | 14 | 8 | 6 | 1092:963 | 129 | 16 |
| 5. | Árvakur | 14 | 5 | 9 | 873:957 | -84 | 10 |
| 6. | Brokey | 13 | 4 | 9 | 872:1044 | -172 | 8 |
| 7. | Stjarnan B | 13 | 3 | 10 | 859:960 | -101 | 6 |
| 8. | Skallagrímur B | 12 | 2 | 10 | 793:1077 | -284 | 4 |

Enn vantar úrslit í tveimur leikjum.

## LOKASTAÐAN Í 2. DEILD KARLA A-4

| Nr. | Félag | Leik | U | T | Stig | Nett | Stig |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. | KFÍ B | 12 | 10 | 2 | 966:802 | 164 | 20 |
| 2. | Hörður | 10 | 8 | 2 | 774:617 | 157 | 16 |
| 3. | Reynir Hnífsdal | 12 | 7 | 5 | 923:832 | 91 | 14 |
| 4. | UMF Bolungarv. | 10 | 2 | 8 | 628:751 | -123 | 4 |
| 5. | Reynir Hnífsdal B | 12 | 1 | 11 | 765:1054 | -289 | 2 |

Enn vantar úrslit í tveimur leikjum.

## LOKASTAÐAN Í 2. DEILD KARLA A-5

| Nr. | Félag | Leik | U | T | Stig | Nett | Stig |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. | Dalvík | 9 | 9 | 0 | 838:459 | 379 | 18 |
| 2. | Skotf Ak | 9 | 5 | 4 | 734:723 | 11 | 10 |
| 3. | Tindastóll B | 8 | 3 | 5 | 516:529 | -13 | 6 |
| 4. | Smári V. | 0 | 0 | 0 | 0:0 | 0 | 0 |
| 5. | ÍFL | 8 | 0 | 8 | 379:756 | -377 | 0 |

Smári V. hætti keppni. Enn vantar úrslit í einum leik.

## LOKASTAÐAN Í 2. DEILD KARLA A-6

| Nr. | Félag | Leik | U | T | Stig | Nett | Stig |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. | ÍV | 12 | 11 | 1 | 969:657 | 312 | 22 |
| 2. | Laugdælir | 12 | 10 | 2 | 970:798 | 172 | 20 |
| 3. | UMFH | 12 | 5 | 7 | 842:979 | -137 | 10 |
| 4. | Dímon | 12 | 4 | 8 | 799:833 | -34 | 8 |
| 5. | ÍV B | 12 | 0 | 12 | 667:980 | -313 | 0 |

## ÚRSLITAKEPPNI 2. DEILDAR KARLA

Sigurvegarar riðlanna komust í úrslit auk liða í öðru sæti í A1 og A6. Ljónin gáfu sæti sitt eftir og tók HHF sæti þeirra. Keppnin var að þessu sinni haldin í Vestmannaeyjum.

Liðunum var skipt í tvo riðla og léku allir við alla innan riðlanna. Tvö efstu liðin í hvorum riðli léku síðan til undanúrslita og sigurvegarar þeirra leikja úrslitaleik deildarinnar. Tapliðin léku um 3. sætið o.s.f.v. Svo fór að HHF og Reynir S. léku til úrslita og hafði HHF betur. Bæði liðin unnu sér rétt til að leika í 1. deild að ári.

Riðlaskiptingin var eftirfarandi:
A-riðill: ÍV, HK, ÍG, Hörður.
B-riðill: Reynir S. HHF, Dalvík, Laugdælir.

**LOKASTAÐAN Í A-RIÐLI:**

| Nr. | Félag | Leik | U | T | Stig | Nett | Stig |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. | ÍV | 3 | 2 | 1 | 253:225 | 28 | 4 |
| 2. | HK | 3 | 2 | 1 | 268:246 | 22 | 4 |
| 3. | ÍG | 3 | 2 | 1 | 247:217 | 30 | 4 |
| 4. | Hörður | 3 | 0 | 3 | 177:257 | -80 | 0 |

**LOKASTAÐAN Í B-RIÐLI:**

| Nr. | Félag | Leik | U | T | Stig | Nett | Stig |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. | HHF | 3 | 2 | 1 | 263:242 | 21 | 4 |
| 2. | Reynir S. | 3 | 2 | 1 | 280:246 | 34 | 4 |
| 3. | Laugdælir | 3 | 1 | 2 | 205:258 | -53 | 2 |
| 4. | Dalvík | 3 | 1 | 2 | 229:231 | -2 | 2 |

4-LIÐA ÚRSLIT

| | | | |
|---|---|---|---|
| HHF - HK | 64-51 | ÍV - Reynir S. | 79-94 |

LEIKIR UM SÆTI:

| | | |
|---|---|---|
| 1.-2. sæti: | HHF – Reynir S. | 84-62 |
| 3.-4. sæti | ÍV - HK | 70-62 |
| 5.-6. sæti | ÍG - Laugdælir | 109-61 |
| 7.-8. sæti | Hörður – Dalvík | 72-87 |

## 2. DEILD KVENNA

Alls tóku 7 félög þátt í 2. deild kvenna. deildarmeistari varð Breiðablik.

| Nr. | Félag | Leik | U | T | Stig | Nett | Stig |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. | Breiðablik | 12 | 11 | 1 | 880:503 | 377 | 22 |
| 2. | Laugdælir | 12 | 8 | 4 | 713:545 | 168 | 16 |
| 3. | KFÍ | 12 | 7 | 5 | 613:552 | 61 | 14 |
| 4. | Tindastóll | 12 | 6 | 6 | 550:477 | 73 | 12 |
| 5. | Hamar/Selfoss | 12 | 6 | 6 | 629:654 | -25 | 12 |
| 6. | Ármann/Þróttur | 12 | 2 | 10 | 460:784 | -324 | 4 |
| 7. | UMFH | 12 | 2 | 10 | 427:757 | -330 | 4 |

## 1. FLOKKUR KARLA

Fjórtán lið léku í 1. flokki karla og léku þau í 2. deild karla. Þessi lið voru auðkennd með bókstafnum B: Breiðablik, Haukar, KR, ÍR, Valur, Fjölnir, Stjarnan, ÍA, Skallagrímur, Keflavík, KFÍ, Reynir Hn., Tindastóll og ÍV.

## ÚRSLITAKEPPNI 1. FLOKKS KARLA (B-lið 2. deildar ka.)

Eftirtalin félög komust í úrslitakeppni 1. flokks karla: Ármann/Þróttur, Breiðablik, Keflavík, Haukar, ÍR, KR, KFÍ, Tindastóll.

8-LIÐA ÚRSLIT

| | | | |
|---|---|---|---|
| Keflavík - KR | 71-95 | Fjölnir – KFÍ | 110-81 |
| Valur – Tindastóll | 102-70 | Haukar – Breiðablik | 96-71 |

4-LIÐA ÚRSLIT

| | | | |
|---|---|---|---|
| Fjölnir – Hasukar | 81-96 | Valur – KR | 67-81 |

ÚRSLIT

**KR – Haukar 60-77**

## UNGLINGAFLOKKUR KARLA

Níu félög tóku þátt í unglingaflokki karla. Stjarnan hætti keppni.

| Nr. | Félag | Leik | U | T | Stig | Nett | Stig |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. | UMFN | 14 | 13 | 1 | 1352:904 | 448 | 26 |
| 2. | Fjölnir | 14 | 11 | 3 | 1285:1066 | 219 | 22 |
| 3. | KR | 14 | 10 | 4 | 1154:978 | 176 | 20 |
| 4. | Haukar | 14 | 7 | 7 | 1129:1092 | 37 | 14 |
| 5. | ÍR | 14 | 5 | 9 | 1067:1139 | -72 | 10 |
| 6. | Snæfell | 14 | 5 | 9 | 773:1030 | -257 | 10 |
| 7. | UMFG | 14 | 4 | 10 | 985:1051 | -66 | 8 |
| 8. | Valur | 14 | 1 | 13 | 847:1332 | -485 | 2 |
| 9. | Stjarnan | | 0 | 0 | 0:0 | 0 | 0 |

Í undanúrslitum og úrslitum léku eftirtalin félög saman:

| | | | |
|---|---|---|---|
| UMFN – Haukar | 83-58 | Fjölnir – KR | 82-84 |
| **UMFN – KR** | **63-61** | | |

## DRENGJAFLOKKUR

Fimmtán félög voru skráð í drengjaflokk og var þeim skipt í tvo riðla.

| Nr. | Félag | Leik | U | T | Stig | Nett | Stig |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. | UMFN | 14 | 13 | 1 | 1385:1012 | 373 | 26 |
| 2. | KR | 14 | 12 | 2 | 1193:963 | 230 | 24 |
| 3. | ÍR | 14 | 10 | 4 | 1092:924 | 168 | 20 |
| 4. | Haukar | 13 | 7 | 6 | 949:928 | 21 | 14 |
| 5. | KFÍ | 14 | 7 | 7 | 1010:879 | 131 | 14 |
| 6. | Skallagrímur | 14 | 3 | 11 | 929:1118 | -189 | 6 |
| 7. | Keflavík | 13 | 2 | 11 | 892:1000 | -108 | 4 |
| 8. | Stjarnan | 12 | 0 | 12 | 668:1294 | -626 | 0 |

**2 Riðill**

| Nr. | Félag | Leik | U | T | Stig | Nett | Stig |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9. | Þór Ak. | 12 | 11 | 1 | 1125:652 | 473 | 22 |
| 10. | Fjölnir | 12 | 11 | 1 | 1199:765 | 434 | 22 |
| 11. | Valur | 11 | 7 | 4 | 828:750 | 78 | 14 |
| 12. | ÍA | 12 | 6 | 6 | 965:950 | 15 | 12 |
| 13. | Hamar/Selfoss | 11 | 2 | 9 | 658:969 | -311 | 4 |
| 14. | Þór Þorl. | 11 | 2 | 9 | 675:983 | -308 | 4 |
| 15. | Laugdælir | 11 | 1 | 10 | 575:956 | -381 | 2 |

Úrslit vantar úr nokkrum leikjum.

Í 8-liða og undanúrslitum og úrslitum léku eftirtalin félög saman:

8-LIÐA ÚRSLIT

| | | | |
|---|---|---|---|
| UMFN – ÍA | 103-57 | KR – Valur | 81-60 |
| Þór Ak. – Haukar | 98-67 | Fjölnir – ÍR | 85-83 (69-69) |

4-LIÐA ÚRSLIT

| | | | |
|---|---|---|---|
| UMFN – Fjölnir | 86-99 | Þór Ak. – KR | 73-80 |

ÚRSLIT

**Fjölnir – KR 77-82**

## 11. FLOKKUR KARLA

Eftirtalin félög tóku þátt í 11. flokki og var þeim skipt í tvo riðla.
Riðlaskipting í upphafi móts var þessi:
A-riðill: Fjölnir, Valur, Keflavík, Tindastóll, Haukar.
B-riðill: ÍA, Breiðablik, Þór AK. Ármann/Þróttur.
Ármann/Þróttur hætti keppni.

Í undanúrslitum og úrslitum léku eftirtalin félög saman:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Fjölnir – Haukar | 81-61 | Valur – Keflavík | 66-46 |
| **Fjölnir – Valur** | **72-71** | | |

## 10. FLOKKUR KARLA

Eftirtalin félög tóku þátt í 10. flokki og var þeim skipt í fjóra riðla.
Riðlaskipting í upphafi móts var þessi:
A-riðill: Fjölnir, UMFN, Keflavík, Breiðablik, UMFH.
B-riðill: Hamar/Selfoss, Snæfell, UMFG, KR, Höttur.
C-riðill: Tindastóll, Valur, KFÍ, Þór Þ.
D-riðill: Þór AK., Haukar, Kormákur, Stjarnan.
Nokkrir leikir fóru ekki fram vegna veðurs og ófærðar.

Í undanúrslitum og úrslitum léku eftirtalin félög saman:

| | | | |
|---|---|---|---|
| UMFN – Hamar/Selfoss | 78-28 | Valur – Breiðablik | 41-44 |
| **UMFN– Breiðablik** | **85-56** | | |

## 9. FLOKKUR KARLA

Eftirtalin félög tóku þátt í 9. flokki og var þeim skipt í þrjá riðla.
Riðlaskipting í upphafi móts var þessi:
A-riðill: KR, Keflavík, Breiðablik, ÍR, Haukar.
B-riðill: UMFG, Tindastóll, Hamar/Selfoss, Þór Þ., Stjarnan.
C-riðill: Valur, Fjölnir, ÍA, Breiðablik b.
UMFG hætti keppni.

Í undanúrslitum og úrslitum léku eftirtalin félög saman:

| | | | |
|---|---|---|---|
| KR – Haukar | 72-47 | Breiðablik - Keflavík | 69-44 |
| **KR – Breiðablik** | **69-51** | | |

## 8. FLOKKUR KARLA

Eftirtalin félög tóku þátt í 8. flokki og var þeim skipt í þrjá riðla.
Riðlaskipting í upphafi móts var þessi:
A-riðill: Breiðablik, KR, Haukar, Fjölnir, UMFH, Tindastóll.
B-riðill: UMFN, Keflavík, Snæfell. Valur, Þór Ak.
C-riðill: UMFG, Skallagrímur, Kormákur, Ármann/Þróttur.
UMFG hætti keppni.

LOKASTAÐAN Í A-RIÐLI

| Nr. | Félag | Leik | U | T | Stig | Nett | Stig |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. | Fjölnir | 3 | 3 | 0 | 228:100 | 128 | 8 |
| 2. | Haukar | 3 | 2 | 1 | 122:150 | -28 | 5 |
| 3. | Breiðablik | 3 | 1 | 2 | 125:167 | -42 | 4 |
| 4. | UMFH | 3 | 0 | 3 | 103:161 | -58 | 2 |

Tindastóll gat ekki mætt í úrslitamótið vegna ferminga.

## 7. FLOKKUR KARLA

Eftirtalin félög tóku þátt í 7. flokki og var þeim skipt í fjóra riðla.
Riðlaskipting í upphafi móts var þessi:
A-riðill: Fjölnir, Breiðablik, Hamar/Selfoss, Keflvík, UMFN, Tindastóll.
B-riðill: UMFG, Valur, Ármann/Þróttur, Þór Þ., KR.
C-riðill: Haukar, Stjarnan, Reynir S. KFÍ, Breiðablik b.
D-riðill: Þór Ak., Höttur, UMF Bolungarvíkur, ÍV.
Stjarnan hætti þátttöku. Nokkrir leikir fór ekki fram vegna veðurs og ófærðar.

LOKASTAÐAN Í A-RIÐLI

| Nr. | Félag | Leik | U | T | Stig | Nett | Stig |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. | Fjölnir | 4 | 4 | 0 | 219:124 | 95 | 10 |
| 2. | UMFN | 4 | 3 | 1 | 132:123 | 9 | 9 |
| 3. | Hamar/Selfoss | 4 | 1 | 3 | 122:197 | -75 | 6 |
| 4. | Tindastóll | 4 | 1 | 3 | 138:148 | -10 | 6 |
| 5. | Haukar | 4 | 1 | 3 | 157:176 | -19 | 4 |

## MINNIBOLTI DRENGJA

Eftirtalin félög tóku þátt í minnibolta drengja og var þeim skipt í fjóra riðla.
Riðlaskipting í upphafi móts var þessi:
A-riðill: Fjölnir, Tindastóll, Breiðablik, Keflavík, UMFN, Hamar/Selfoss.
B-riðill: UMFG, Ármann/Þróttur, Þór Þ., KR, UMFN.
C-riðill: Valur, Haukar, Stjarnan, Breiðablik b.
D-riðill: Skallagrímur, ÍA, ÍR, Snæfell, UMF Álftaness.

UMF Álftaness hætti keppni í 1. deild en fékk sæti í 2. deild í staðinn.
Nokkrir leikir fór ekki fram vegna veðurs og ófærðar.

LOKASTAÐAN Í A-RIÐLI

| Nr. | Félag | Leik | U | T | Stig | Nett | Stig |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. | Breiðablik | 4 | 4 | 0 | 207:121 | 86 | 8 |
| 2. | Tindastóll | 4 | 2 | 2 | 143:165 | -22 | 4 |
| 3. | Fjölnir | 4 | 2 | 2 | 135:151 | -16 | 4 |
| 4. | UMFN | 4 | 2 | 2 | 133:156 | -23 | 4 |
| 5. | Keflavík | 4 | 0 | 4 | 149:174 | -25 | 0 |

**UNGLINGAFLOKKUR KVENNA**

Níu félög tóku þátt í unglingaflokki kvenna og léku þau í einni deild, heima og að heiman..
Lokastaðan varð þessi:

| Nr. | Félag | Leik | U | T | Stig | Nett | Stig |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. | Haukar | 16 | 16 | 0 | 1487:539 | 948 | 32 |
| 2. | Keflavík | 16 | 14 | 2 | 1491:734 | 757 | 28 |
| 3. | UMFG | 16 | 12 | 4 | 1161:671 | 490 | 24 |
| 4. | UMFN | 16 | 10 | 6 | 1138:859 | 279 | 20 |
| 5. | Haukar B | 16 | 7 | 9 | 965:885 | 80 | 14 |
| 6. | Fjölnir | 16 | 7 | 9 | 790:1061 | -271 | 14 |
| 7. | KR | 16 | 4 | 12 | 611:1263 | -652 | 8 |
| 8. | Þór Ak. | 16 | 2 | 14 | 610:1251 | -641 | 4 |
| 9. | Breiðablik | 16 | 0 | 16 | 511:1501 | -990 | 0 |

Í undanúrslitum og úrslitum léku eftirtalin félög saman:
Haukar – UMFN 94-50 Keflavík – UMFG 77-63
**Haukar - Keflavík 91-56**

**10. FLOKKUR KVENNA**

Eftirtalin félög tóku þátt í 10. flokki kvenna og var þeim skipt í þrjá riðla.
Riðlaskipting í upphafi móts var þessi:
A-riðill: Kormákur, Haukar, Hörður, UMFN, UMFG.
B-riðill: Keflavík, UMFH, Hamar/Selfoss, Garpur, Snæfell.
C-riðill: Skallagrímur, Reykdælir, KR, Drangur, ÍV.
ÍV hætti við þátttöku.

Í undanúrslitum og úrslitum léku eftirtalin félög saman:
Haukar – UMFG 63-58 Haukar – Hamar/Selfoss 45-26
**Keflavík - Haukar 44-41**

**9. FLOKKUR KVENNA**

Eftirtalin félög tóku þátt í 9. flokki kvenna og léku þau í einum riðli.
Riðlaskipting í upphafi móts var þessi:
A-riðill: UMFG, Keflavík, Haukar, Snæfell, ÍR.
Í undanúrslitum og úrslitum léku eftirtalin félög saman:
UMFG – Keflavík 51-32 Haukar – Snæfell 47-27
**UMFG - Haukar 34-39**

## 8. FLOKKUR KVENNA

Eftirtalin félög tóku þátt í 8. flokki kvenna og var þeim skipt í tvo riðla.
Riðlaskipting í upphafi móts var þessi:
A-riðill: UMFG, Haukar, Keflavík, UMFH, Hamar/Selfoss, Snæfell.
B-riðill: Kormákur, UMFN, KR, Hörður.

LOKASTAÐAN Í A-RIÐLI

| Nr. | Félag | Leik | U | T | Stig | Nett | Stig |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. | UMFN | 4 | 3 | 1 | 164:131 | 33 | 10 |
| 2. | Haukar | 4 | 4 | 0 | 132:108 | 24 | 8 |
| 3. | Snæfell | 4 | 2 | 2 | 128:129 | -1 | 8 |
| 4. | UMFH | 4 | 1 | 3 | 136:150 | -14 | 6 |
| 5. | Keflavík | 4 | 0 | 4 | 91:133 | -42 | |

## 7. FLOKKUR KVENNA

Eftirtalin félög tóku þátt í 7. flokki kvenna og var þeim skipt í tvo riðla.
Riðlaskipting í upphafi móts var þessi:
A-riðill: Keflavík, UMFH, Hamar/Selfoss, UMFN, Haukar, UMFG.
B-riðill: KR, ÍR, Fjölnir, Ármann/Þróttur, Reynir S., Skallagrímur.
Reynir S. og ÍR mættu ekki í 1. umferð og léku sem gestir eftir það.

LOKASTAÐAN Í A-RIÐLI

| Nr. | Félag | Leik | U | T | Stig | Nett | Stig |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. | Haukar | 5 | 5 | 0 | 185:131 | 54 | 12 |
| 2. | UMFN | 5 | 4 | 1 | 220:127 | 93 | 12 |
| 3. | Hamar/Selfoss | 5 | 3 | 2 | 154:125 | 29 | 11 |
| 4. | UMFH | 5 | 2 | 3 | 140:136 | 4 | 9 |
| 5. | Keflavík | 5 | 1 | 4 | 115:170 | -55 | 7 |
| 6. | Fjölnir | 5 | 0 | 5 | 102:227 | -125 | 5 |

## MINNIBOLTI STÚLKNA

Eftirtalin félög tóku þátt í minnibolta stúlkna og var þeim skipt í tvo riðla.
Riðlaskipting í upphafi móts var þessi:
A-riðill: UMFN, Keflavík, UMFG, UMFG b, Hamar/Selfoss, Haukar.
B-riðill: Snæfell, KR, Ármann/Þróttur, UMFH, Keflavík b.
UMFH hætti keppni.

LOKASTAÐAN Í A-RIÐLI

| Nr. | Félag | Leik | U | T | Stig | Nett | Stig |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. | Keflavík | 5 | 5 | 0 | 250:116 | 134 | 10 |
| 2. | UMFG | 5 | 4 | 1 | 239:88 | 151 | 8 |
| 3. | Hamar/Selfoss | 5 | 3 | 2 | 166:154 | 12 | 6 |
| 4. | UMFN | 5 | 2 | 3 | 157:186 | -29 | 4 |
| 5. | Snæfell | 5 | 1 | 4 | 155:213 | -58 | 2 |
| 6. | Keflavík B | 5 | 0 | 5 | 61:271 | -210 | 0 |

**ÍSLANDSMÓT YNGRI FLOKKAR 2. DEILD (Landshlutariðlar)**

**8. FLOKKUR KARLA**
Eftirtalin félög tóku þátt í 8. flokki karla:
RE-riðill: Breiðablik b, Valur b, Fjölnir b, Reynir S.

**Breiðablik b varð Íslandsmeistari.**
**7. FLOKKUR KARLA**
Eftirtalin félög tóku þátt í 7. flokki karla:
RE-riðill: Breiðablik c, KR b, Valur b, ÍR.

**Breiðablik c varð Íslandsmeistari.**

**MINNIBOLTI 11 ÁRA**

Eftirtalin félög tóku þátt í minnibolta 11 ára:
RE-riðill: Breiðablik c, Valur b, Fjölnir b, Hamar/Selfoss b.
RV-riðill: KR b, Keflavík b, ÍR b. UMF Álftaness tók sæti í riðlinum í 3. umferð.
NL-riðill: Þór Ak., Höttur. Ekki tókst að koma nema einum leik á milli Þórs og Hattar.

Í úrslit komust: KR b, Hamar/Selfoss b, Breiðablik c, Keflavík b og Þór Ak.

**KR b varð Íslandsmeistari.**

## BIKARKEPPNI KKÍ (Bikarkeppni KKÍ & Lýsingar)

Úrslitaleikir meistaraflokks karla og kvenna fóru að venju fram í Laugardalshöll, en í yngri flokkunum var leikið í íþróttamiðstöðinni í Grafarvogi.

Bikarmeistarar í einstökum flokkum urðu sem hér segir:

| | |
|---|---|
| Meistaraflokkur karla: | Ungmennafélag Njarðvíkur |
| Meistaraflokkur kvenna: | Íþrótta og ungmennafélagið Keflavík |
| Unglingaflokkur karla: | Ungmennfélagið Fjölnir |
| Unglingaflokkur kvenna: | Knattspyrnufélagið Haukar |
| Drengjaflokkur: | Knattspyrnufélag Reykjavíkur |
| 11. flokkur karla: | Ungmennafélag Njarðvíkur |
| 10. flokkur karla: | Ungmennafélag Njarðvíkur |
| 10. flokkur kvenna: | Knattspyrnufélagið Haukar |
| 9. flokkur karla: | Knattspyrnufélag Reykjavíkur |
| 9. flokkur kvenna: | Ungmennafélag Grindavíkur |

Úrslit í einstökum úrslitaleikjum urðu sem hér segir:

| | | |
|---|---|---|
| Meistaraflokkur karla: | Fjölnir – UMFN | 64-90 |
| Meistaraflokkur kvenna: | UMFG – Keflvík | 69-72 |
| Unglingaflokkur karla: | Fjölnir – KR | 80-71 |
| Unglingaflokkur kvenna: | Keflavík – Haukar | 69-91 |
| Drengjaflokkur: | Fjölnir – KR | 74-82 |
| 11. flokkur karla: | UMFN – Valur | 57-49 |
| 10. flokkur karla: | Snæfell – UMFN | 49-75 |
| 10. flokkur kvenna: | UMFG – Haukar | 34-52 |
| 9. flokkur karla: | Keflavík – KR | 47-66 |
| 9. flokkur kvenna: | UMFG – Haukar | 49-41 |

## HÓPBÍLABIKARINN

| | |
|---|---|
| Meistaraflokkur karla: | Ungmennafélag Snæfell |
| Meistaraflokkur kvenna: | Íþrótta og ungmennafélagið Keflavík |

**KARLAR**

Undanúrslit

| | | | |
|---|---|---|---|
| Keflavík - UMFN | 78-84 | Snæfell – UMFG | 82-75 |

Úrslit

| | |
|---|---|
| Snæfell - UMFN | 84-70 |

**KONUR**

Alls tóku níu félög þátt í Kjörísbikar kvenna: Keflavík, KR, ÍS, UMFN, UMFG, Haukar, Breiðablik, Ármann/Þróttur og Tindastóll. Breiðablik og Ármann/Þróttur léku um sæti í 8-liða úrslitum. Í undanúrslit komust auk Keflavíkur, Haukar, UMFG og ÍS.

Undanúrslit

| | |
|---|---|
| Keflavík – UMFG | 83-41 |
| ÍS – Haukar | 77-70 |

Úrslit

| | |
|---|---|
| Keflavík – ÍS | 76-65 |

## MEISTARAKEPPNI

KARLAR

| | |
|---|---|
| Keflavík - UMFN | 79-90 |

KONUR

| | |
|---|---|
| Keflavík - KR | 80-50 |

## STJÖRNULEIKUR

Að þessu sinni var leikið að Hlíðarenda og sú nýbreytni var tekin upp að einnig var leikið í kvennaflokki. Leikirnir, sem báðir voru sýndir beint í ríkissjónvarpinu, fóru fram laugardaginn 15. janúar.

KARLAR

| | |
|---|---|
| Ísland – Erlendir leikmenn | 113-134 |

KONUR

| | |
|---|---|
| Ísland – Erlendir leikmenn | 62-83 |

## FRAMHALDSSKÓLAMÓT

Ekkert framhaldsskólamót var haldið veturinn 2004-2005.

F.h. mótanefndar KKÍ
Björn Leósson

# SKÝRSLA KARLALANDSLIÐSNEFNDAR

Karlalandslið Íslands hafði í mörg horn að líta á s.l. ári. Hápunkturinn var þátttaka liðsins í B-deild Evrópukeppninnar í september, en áður en að henni kom var æft stíft og mikið keppt. Sigurður Ingimundarson var ráðinn landsliðsþjálfari í nóvember 2003. Fyrstu verkefni landsliðsins undir hans stjórn voru tveir leikir gegn Catawba College í desember 2003. Þann 29. apríl valdi hann 26 leikmenn til æfinga. Æfingar hófust í lok apríl og stóðu, með hléum, fram í miðjan september. 18 leikmenn stunduðu æfingar reglulega og alls léku 18 leikmenn fyrir Íslands hönd á árinu, þar af voru sex að spreyta sig í fyrsta sinn með A-landsliði. Sigurður fékk Friðrik Ragnarsson sér til aðstoðar við þjálfunina.

Töluverður hringlandaháttur hefur verið hjá FIBA Europe varðandi fyrirkomulag Evrópukeppni og landsleikja á liðnum árum. Stöðugar breytingar valda því að meira að segja hörðustu áhugamenn hafa litla hugmynd um hvernig keppni er háttað. Nú er staðan sú að landsliðum er getuskipt í A og B-deild og eftir riðlakeppni, sem stendur í tvö ár, er haldin úrslitakeppni Evrópumótsins á tveggja ára fresti. Í A-deild leika um 24 sterkustu þjóðir álfunnar. Þær þjóðir sem hafa áunnið sér rétt til að taka þátt í Ólympíuleikum og heimsmeistarakeppni fara beint í úrslitakeppnina. Að þessu sinni eru það fimm þjóðir, en aðrar þjóðir fara í riðlakeppnina. Þess má einnig geta að almannaksárinu verið skipt upp í tvö tímabil, tímabil landsliða sem stendur frá júní til september og tímabil félagsliða frá október til maí. Sökum þessarar skiptingar munu verkefni landsliðsins í nánustu framtíð að mestu takmarkast við sumarið.

Sem stendur er íslenska karlalandsliðið statt í B-deild og eigum við möguleika á að ávinna okkur rétt til keppni í A-deild með því að ná einu af tveimur efstu sætum B-deildar, en til að svo megi verða þurfum við að verða efstir í okkar riðli. Þess skal getið að það er yfirlýst markmið landsliðsnefndar að Ísland leiki í A-deild innan fimm ára.

Ísland lenti í riðill með Azerbajzan, Danmörku og Rúmeníu, en Azerar drógu lið sitt úr keppni þannig að eftir stóðu þrjár þjóðir. Fyrri hluti riðlakeppninnar var leikinn í september og fyrst lék Ísland gegn Danmörku fyrir framan 1800 áhorfendur í Árósum. Sá leikur hófst með miklum látum og náðu okkar menn góðu forskoti þegar í upphafi leiks og leiddu 26-17. En svo jafnaðist leikurinn og í lokin voru gerð of mörg mistök sem leiddi til 10 stiga ósigurs, 71-81. Nokkrum dögum síðar héldu Danir til Rúmeníu og lönduðu fræknum sigri 74-73. Það var því bráðnauðsynlegt að sigra Rúmena í síðasta leik fyrri umferðar, en sá leikur var leikinn þann 19. september í Keflavík. Vel var mætt í húsið og stemmingin góð og var sérlega gaman að sjá helstu stuðningsmenn ólíkra félaga taka saman höndum um að hvetja landsliðið. Leikurinn var bráðfjörugur og æsispennandi og endaði með sex stiga sigri Íslands, 79-73. Sigurinn þýðir að enn er von um að komast áfram, en sú von byggir á því að vinna báða leikina næsta haust, gegn Dönum heima þann 3. sept. og viku seinna gegn Rúmenum í Rúmeníu.

Áður en að Evrópukeppninni kom hafði landsliðið verið í stífu prógrammi. Æfingarnar urðu alls 75 og vináttulandsleikirnir 10. Af þessu má sjá að menn lögðu verulega mikið á sig og var ánægjulegt fyrir landsliðsnefndarmenn að skynja þann metnað sem þjálfarar og leikmenn höfðu fyrir hönd landsliðsins.

Leikirnir voru sem hér segir:

| | | |
|---|---|---|
| 1 | Fimmtud. 24. júní 2004, Borgarnesi, | Ísland – Belgía 78-88 |
| 2 | Föstud. 25. júní 2004, Keflavík, | Ísland – Belgía 74-78 |
| 3 | Laugard. 26. júní 2004, Stykkishólmi, | Ísland – Belgía 77-76 |
| 4 | Föstud. 6. ágúst 2004, DHL-höllinni, | Ísland - Pólland 78-83 |
| 5 | Laugard. 7. ágúst 2004, Stykkishólmi, | Ísland – Pólland 90-82 |
| 6 | Sunnud. 8. ágúst 2004, Keflavík, | Ísland – Pólland 75-85 |

| | | |
|---|---|---|
| 7 | Miðvikud. 25. ágúst 2004, St. Pölten, Austurríki, | Austurríki – Ísland 96-81 |
| 8 | Föstud. 27. ágúst 2004, Szombathely, Póllandi, | Pólland – Ísland 110-87 |
| 9 | Laugard. 28. ágúst 2004, Szombathely, Póllandi, | Austurríki – Ísland 71-74 |
| 10 | Sunnud. 29. ágúst 2004, Szombathely, Póllandi, | Ungverjaland – Ísland 94-75 |
| 11 | Föstud. 10. sept. 2004, Århus, Danmörku, EM 2005, | Danmörk – Ísland 81-71 |
| 12 | Sunnud. 19. sept. 2004, Keflavík, EM 2005, | Ísland – Rúmenía 79-73 |

Þeir leikmenn sem tóku þátt í leikjunum 12 voru:

| | |
|---|---|
| Arnar Freyr Jónsson, | 11 leikir |
| Eiríkur S. Önundarson, | 10 leikir |
| Fannar Ólafsson, | 12 leikir |
| Friðrik E. Stefánsson, | 11 leikir |
| Halldór Örn Halldórsson, | 1 leikur |
| Helgi Már Magnússon, | 7 leikir |
| Hlynur E. Bæringsson, | 12 leikir |
| Jakob Örn Sigurðarson, | 10 leikir |
| Jón Arnór Stefánsson, | 2 leikir |
| Jón Nordal Hafsteinsson | 8 leikir |
| Lárus Jónsson, | 8 leikir |
| Magnús Þór Gunnarsson, | 12 leikir |
| Mirko Virijevic, | 1 leikur |
| Páll Axel Vilbergsson, | 12 leikir |
| Páll Kristinsson, | 12 leikir |
| Pálmi Freyr Sigurgeirsson, | 2 leikir |
| Pavel Ermolinskij, | 1 leikur |
| Sigurður Á. Þorvaldsson, | 12 leikir |

Af ofangreindum 12 leikjum unnust fjórir. Tveir þeirra gegn sterkum A-þjóðum, Belgum og Pólverjum, báðir í Stykkishólmi! Þeir sigrar eru minnisstæðir, heimamaðurinn Hlynur Bæringsson fór á kostum í báðum sigurleikjunum og Eiríkur Önundarson átti 11 stiga mikilvægan sprett í seinni hálfleik. Magnús Gunnarsson náði þeim fágæta árangri í síðasta leiknum gegn Pólverjum að skora 32 stig, en það er sjaldgæft að íslenskur landsliðsmaður brjóti 30 stiga múrinn. Að ná einum sigri úr þriggja leikja hrinu gegn Belgíu og Póllandi er vel viðunandi, þó stefnan sé vissulega sett á að vinna fleiri leiki á heimavelli, jafnvel gegn sterkum þjóðum.

Heimaleikirnir voru leiknir í Borgarnesi, í Keflavík, á Stykkishólmi og í DHL-höllinni. Alls staðar var vel staðið að málum og kunnum við heimamönnum á hverjum stað bestu þakkir fyrir. Auðvitað viljum við sjá stórleikina í Laugardalshöllinni, en vegna framkvæmda var hún ekki laus s.l. haust. Ekkert hefur enn verið ákveðið varðandi leikstaði á þessu ári.

Farið var á Pannon-mót í Szombathely (*framborið Somba'tei*) í Ungverjalandi, en á leið þangað var komið við í St. Pölten í Austurríki þar sem leikið var gegn heimamönnum. Sá leikur var slakur af okkar hálfu og tapaðist hann með 15 stigum. Mótið í Ungverjalandi var sterkt og skemmtilegt, aðbúnaður prýðilegur og ferðin hin skemmtilegasta. Veðrið var frábært og fín stemming í hópnum. Leikirnir gegn Ungverjum og Pólverjum voru afar erfiðir, enda andstæðingarnir firnasterkir, og töpuðust báðir, en sem betur fer náðu drengirnir að hefna fyrir ófarirnar gegn Austurríkismönnum og unnu þá 74-71 í einum mesta slagsmálaleik sem undirritaður hefur orðið vitni að. Dómararnir leyfðu bókstaflega allt og því var vel tekið á því. Jón N. Hafsteinsson fór á kostum í þeim leik, kom inn af bekknum og setti 18 stig á 20 mínútum, hitti m.a. úr átta af níu skotum sínum. Jakob Sigurðsson og Hlynur Bæringsson voru að öðrum ólöstuðum bestu menn liðsins í Ungverjalandi og var Hlyni veitt verðlaun sem MVP Íslands.

Annars er gaman frá því að segja að það var áberandi hve mikinn metnað leikmenn höfðu fyrir verkefnum sínum og hve mikils þeir mátu að leika fyrir land sitt og þjóð. Æfinga- og keppnisplanið var stíft og sem dæmi má nefna að Snæfellingarnir Hlynur Bæringsson og Sigurður Þorvaldsson óku a.m.k. 50 sinnum á æfingar til Reykjavíkur eða Keflavíkur, en flestum þykir sú akstursleið ansi löng! Jón Arnór Stefánsson gat því miður ekki æft með liðinu allt sumarið en kom til liðs við okkur fyrir Evrópuleikina. Gríðarlegur fengur var að Jóni, en þó kom í ljós í Danmerkur leiknum að töluvert skorti á samæfingu hans með öðrum leikmönnum liðsins og því varð sóknarleikur liðsins stirður á köflum. Vonandi næst að smyrja hlutina betur í haust.

Það var vissulega skarð fyrir skildi að nýjustu ríkisborgararnir næðu ekki að leika með landsliðinu að þessu sinni. Bæði Damon Johnson og Brenton Birmingham áttu við meiðsl að stríða og því varð ekkert úr væntingum manna um liðsstyrk þeirra. Við vonumst þó að njóta krafta slíkra manna í framhaldinu, en Darryl Lewis hefur t.a.m. gefið jákvætt svar við fyrirspurn um þátttöku í landsliðsprógramminu í sumar.

Í landsliðsnefnd sitja Hrannar Hólm, formaður, Gísli Georgsson, varaformaður, Gísli Páll Pálsson, ritari og Gunnar Jóhannsson. Auk þess starfar formaður KKÍ, Ólafur Rafnsson, náið með nefndinni sem og starfsmenn KKÍ, þeir Hannes Birgir Hjálmarsson og Björn Leósson.

Nefndin tók til starfa af krafti á vormánuðum og vann ötullega að landsliðsmálum. Fundað var reglulega, í hádeginu á miðvikudögum, og urðu fundirnir alls 18 á síðasta ári, flestir á tímabilinu maí til september. Verkefnin voru mörg og ágætlega tókst að leysa flest þeirra af hendi. Samt er ljóst að ef landsliðsstarfið á að geta orðið jafn öflugt og metnaður stendur til þá verða fjármálin að komast í betra horf.

Þjálfararnir, þeir Sigurður Ingimundarson og Friðrik Ragnarsson, stóðu sig með sóma og sinntu starfi sínu af miklum áhuga og metnaði. Það er mín skoðun að við höfum réttu mennina í brúnni og tel ég mikilvægt að halda stöðugleika í þjálfaramálum, því eingöngu með stöðugleika ná leikmennirnir takti og ná að skynja hvað það er sem þjálfararnir í raun og veru vilja. Slík samstaða og liðsheild er forsenda fyrir framförum og góðum árangri. Matti Ósvald Stefánsson starfaði með liðinu sem íþrótta- og sjúkranuddari og fórst honum það vel úr hendi.

Framundan er seinni umferðin í Evrópukeppninni í haust. Fram að henni verður ýmislegt gert, t.d. keppt á Smáþjóðaleikum í Andorra í júní, leiknir vináttuleikir heima og úti, og svo vitanlega æft stíft. Markmiðið er að vinna báða Evrópuleikina í haust.

Ég vil þakka nefndarmönnum góð störf á árinu sem og öllum öðrum sem að landsliðinu komu, með von um enn þróttmeira og árangursríkara starf á þessu ári.

F.h. landsliðsnefndar
Hrannar Hólm,

# SKÝRSLA KVENNALANDSLIÐSNEFNDAR

Á nýliðnu tímabili varð breyting á kvennalandsliðsnefndinni. Guðni Hafsteinsson hætti störfum eftir margra ára frábært og óeigingjarnt starf, það hefur verið ómetanlegt að hafa Guðni í nefndinni og viljum við þakka honum kærlega fyrir hans störf innan hreyfingarinnar. Eyjólfur Þór Guðlaugsson hætti einnig, reyndar eftir frekar stutt stopp enda var hann tekin í burtu frá okkur í önnur störf fyrir hreyfinguna, viljum við þakka honum fyrir fín störf meðan hans naut við. Þá þurfti að fylla skarð drengjanna og fór það svo að gamlar og góðar voru að sjálfsögðu fengnar í staðinn en það eru María Guðmundsdóttir og Stefanía Jónsdóttir og bjóðum við þær velkomnar í hópinn en fyrir eru Björg Hafsteinsdóttir og Guðbjörg Norðfjörð Elíasdóttir.

Verkefni síðasta árs voru fjölmörg og hafa aldrei verið fleiri. Við byrjuðum á því að fá Englendinga í heimsókn í maí og voru þeir leikir liður í undirbúningi fyrir Promotion cup sem haldið var í Andorra í júlí og Norðurlandamótið sem haldið var í ágúst í Svíþjóð. Milli jóla og nýars var síðan haldið til Englands og spilaðir æfingaleikir. Ívar Ásgrímsson var við stjórnvölinn í öllum leikjunum og árangurinn prýðilegur. Stjörnuleikur kvenna var haldin við góðan orðstír og er ætlunin að halda því áfram.

**Leikir við Englendinga í maí 2004**

Leikirnir við Englendinga fóru fram 28. – 30. maí 2004 hér heima.

| **Dagsetning:** | **Staður:** | **Leikur:** | **Úrslit:** |
|---|---|---|---|
| 28. maí | Keflavík | Ísland – England | 77 – 101 |
| 29. maí | Grindavík | Ísland – England | 85 – 76 |
| 30. maí | Hafnarfjörður | Ísland – England | 53 – 58 |

Eftirtaldir leikmenn léku fyrir Íslands hönd:

| | |
|---|---|
| Birna Valgarðsdóttir | Keflavík |
| Erla Þorsteinsdóttir | Keflavík |
| Erla Reynisdóttir | Keflavík |
| Rannveig Randversdóttir | Keflavík |
| Marín Rós Karlsdóttir | Keflavík |
| María Ben Erlingsdóttir | Keflavík |
| Hildur Sigurðardóttir | KR |
| Alda Leifsdóttir | ÍS |
| Signý Hermannsdóttir | ÍS |
| Lovísa Guðmundsdóttir | ÍS |
| Svanís Anna Sigurðardóttir | ÍS |
| Sólveig Gunnlaugsdóttir | Grindavík |
| Petrúnella Skúladóttir | Grindavík |
| Ólöf Helga Pálsdóttir | Grindavík |
| Helena Sverrisdóttir | Haukar |

Þjálfari: Ívar Ásgrímsson
Aðstoðarþjálfari: Henning Henningsson
Sjúkraþjálfari: Haraldur Sæmundsson

**<u>Promotion cup Andorra í júlí 2004</u>**

Mótið fór fram dagana 26. – 31. júlí 2004 í Andorra. Lagt var upp með að vinna mótið og stóðu stelpurnar undir væntingum gullið staðreynd.

| **Dagsetning:** | **Staður:** | **Leikur:** | **Úrslit:** |
|---|---|---|---|
| 26. júlí | Andorra | Ísland – Skotland | 85 - 44 |
| 28. júlí | Andorra | Ísland – Andorra | 96 – 35 |
| 29. júlí | Andorra | Ísland – Azerbaijdan | 65 - 73 |
| 30. júlí | Andorra | Ísland – Malta | 84 – 58 |
| 31. júlí | Andorra | Ísland – Lúxembourg | 81 – 66 |

Eftirtaldir leikmenn léku fyrir Íslands hönd:

| | |
|---|---|
| Erla Þorsteinsdóttir | Keflavík |
| Erla Reynisdóttir | Keflavík |
| Birna Valgarðsdóttir | Keflavík |
| Anna María Sveinsdóttir | Keflavík |
| Marín Rós Karlsdóttir | Keflavík |
| Sólveig Gunnlaugsdóttir | Grindavík |
| Hildur Sigurðardóttir | KR |
| Alda Leif Jónsdóttir | ÍS |
| Signý Hermannsdóttir | ÍS |
| Lovísa Guðmundsdóttir | ÍS |

Þjálfari: Ívar Ásgrímsson
Sjúkraþjálfari: Haraldur Sæmundsson
Fararstjóri: Guðbjörg Norðfjörð Elíasdóttir

Að fara með gullið heim úr þessari ferð var mjög ljúft. Leikurinn á móti Azerbaijan kom stelpunum aðeins niður á jörðina því það var í raun sá eini sem mátti tapast svo hægt væri að komast alla leið. Að komast í úrslitaleikinn kostaði bæði hamingju og mikið vesen þar sem við áttum bókað far heim í miðjum úrslitaleik! Með góðri og dyggri aðstoð skrifstofunnar þá komumst við heim heil og sæl með gullið í farteskinu.

**Norðurlandamót í Arvika í Svíþjóð ágúst 2004**

Norðurlandamótið fór fram dagana 11. – 14. ágúst 2004 í Arvika í Svíþjóð. Við erum nú hægt og bítandi að nálgast Norðurlandaþjóðirnar getulega séð. Einn sigur staðreynd og vorum við ekki langt frá því að landa öðrum.

| **Dagsetning:** | **Staður:** | **Leikur:** | **Úrslit:** |
|---|---|---|---|
| 11. ágúst | Arvika | Ísland – Noregur | 77 – 73 |
| 12. ágúst | Arvika | Ísland - Svíþjóð | 66 – 99 |
| 13. ágúst | Arvika | Ísland – Danmörk | 68 – 76 |
| 14. ágúst | Arvika | Ísland - Finnland | 60 – 77 |

Eftirtaldir leikmenn léku fyrir Íslands hönd:

Birna Valgarðsdóttir
María Ben Erlingsdóttir
Erla Þorsteinsdóttir
Erla Reynisdóttir
Sólveig Gunnlaugsdóttir
Helena Sverrisdóttir
Alda Leif Jónsdóttir
Signý Hermannsdóttir
Hildur Sigurðardóttir

Svandís Anna Sigurðardóttir
Rannveig Randversdóttir

Þjálfari: Ívar Ásgrímsson
Aðstoðarþjálfari: Henning Henningsson
Sjúkraþjálfari: Haraldur Sæmundsson

Þarna sáum við að við eigum svo sannarlega erindi í þessa keppni og munum halda áfram að bæta að taka þátt í henni og nú stefnum við lengra. Helena Sverrisdóttir var valin maður mótsins og segir það nú meira en mörg orð. Við erum stolt að eiga svona fulltrúa.

**Æfingaleikir við Englendinga í Englandi desember 2004**

Farið var út til Englands og spilaðir þrír æfingaleikir milli jóla og nýars. Voru landsliðskonur orðnar frekar þreyttar eftir mjög langt tímabil þar sem þær fengu nú lítið körfuboltafrí um sumarið. Eftir á að hyggja þá hefði nú verið skynsamlegt að gefa dömunum frí um jólin. En leikirnir fóru þannig að Ísland vann 2 og England 1.

**Að lokum**

Það er óhætt að segja að mikið hafi verið að gera hjá landsliðinu þetta tímabilið og aldrei þessu vant var farið að tala um að þetta væri nú of mikið. Það er nú gaman að heyra þá umræðu þar sem við höfum aldrei verið í þessum sporum. Við erum hægt og bítandi að bæta okkur getulega séð og eru ungar og afar ferskar stelpur að koma að taka við af þeim eldri og reyndari. Nú er stefnan tekin á Evrópukeppnina 2006 og erum við á fullu að undirbúa okkur undir hana.

**Verkefni framundan**

Æfingar eru byrjaðar fyrir næstu verkefni og eru þau eftirfarandi:

1. (Æfingaleikir við Englendinga um miðjan maí 2005)
2. Ólympíuleikar smáþjóða maí/júní 2005.

F.h. kvennalandsliðsnefndar KKÍ
Guðbjörg Norðfjörð Elíasdóttir

# SKÝRSLA UNGLINGANEFNDAR

## Norðurlandamót 2004

Ísland sendi fjögur unglingalandslið til þátttöku á Norðurlandamótið sem haldið var í Svíþjóð 19. – 23. maí, tvö pilta lið og tvö stúlkna lið. Þetta voru lið stúlkna fæddar 1985-1987, þjálfari: Hlynur Skúli Aðunsson. Stúlkur fæddar 1988-1989, þjálfarar: Henning Henningsson og aðstoðarþjálfari Jón Halldór Eðvaldsson. Drengir fæddir 1985-1987, þjálfari: Einar Árni Jóhannsson og drengir fæddir 1988-1989 þjálfari: Benedikt Guðmundsson. Fararstjórar í ferðinni voru Hannes S. Jónsson, Björn Leósson, Snorri Örn Arnaldsson og Þóra Melsted.

Auk þess fóru fjórir dómarar með á mótið en þeir voru Sigmundur Már Herbertsson, Erlingur Snær Erlingsson, Björgvin Rúnarsson og Eggert Þór Aðalsteinsson.

Eftirtaldir leikmenn skipuðu unglingalandslið drengja fæddir 1985 - 1987

| | |
|---|---|
| Jóhann Árni Ólafsson | USA / Njarðvík |
| Kristján Rúnar Sigurðsson | UMFN |
| Magnús Pálsson | Fjölnir |
| Brynjar Þór Kristófersson | Fjölnir |
| Tryggvi Pálsson | Fjölnir |
| Bjarni Árnason | Þór Ak. |
| Ólafur Halldór Torfason | Þór Ak. |
| Davíð Páll Hermannsson | UMFG |
| Finnur Atli Magnússon | KR |
| Jón Gauti Jónsson | Keflavík |
| Pavel Ermolinskij, | Vicky, Frakkland |
| Halldór Fannar Gíslason | ÍR |

Úrslit leikja:

| | | |
|---|---|---|
| Ísland – Svíþjóð | 73 - 83 | |
| Ísland – Danmörk | 74 - 66 | |
| Ísland – Finnland | 97 - 80 | |
| Ísland – Noregur | 105 - 99 | |
| Leikur um 1. sæti | | |
| Ísland – Svíþjóð | 97 – 91 | **Norðurlandameistarar** |

Eftirtaldir leikmenn skipuðu unglingalandslið stúlkna fæddar 1985 - 87

| | |
|---|---|
| Anna María Ævarsdóttir | Keflavík |
| Elín Bjarnadóttir | KR |
| Erna Rún Magnúsdóttir | Grindavík |
| Eva Dís Ólafsdóttir | UMFH |
| Hrund Jóhannsdóttir | Tindastóll |
| Kristrún Sigurjónsdóttir | ÍR |
| Petrúnella Skúladóttir | Grindavík |
| Svanhvít Sjöfn Skjaldardóttir | Haukar |
| Þóra Árnadóttir | Haukar |
| Ösp Jóhannsdóttir | Haukar |
| Guðrún Ósk Ámundadóttir | Haukar |
| Hrefna Stefánsdóttir | Haukar |

| | |
|---|---|
| Úrslit leikja: | |
| Ísland – Svíþjóð | 40 - 65 |
| Ísland – Danmörk | 29 - 67 |
| Ísland – Finnland | 59 - 83 |
| Ísland – Noregur | 36 - 50 |

Eftirtaldir leikmenn skipuðu unglingalandslið stúlkna fæddar 1988 – 1989.

| | |
|---|---|
| Bára Fanney Hálfdánardóttir | Haukar |
| Helena Sverrisdóttir | Haukar |
| Bryndís Guðmundsdóttir | Keflavík |
| Guðrún Harpa Guðmundsdóttir | Keflavík |
| Hrönn Þorgrímsdóttir | Keflavík |
| Linda Stefanía Ásgeirsdóttir | Keflavík |
| María Ben Erlingsdóttir | Keflavík |
| Ragnheiður Theodórsdóttir | Keflavík |
| Bára Bragadóttir | Keflavík |
| Ingibjörg Vilbergsdóttir | UMFN |
| Margrét Kara Sturludóttir | UMFN |
| Ingibjörg Skúladóttir | UMFH |

| | | |
|---|---|---|
| Úrslit leikja: | | |
| Ísland – Svíþjóð | 74 - 84 | |
| Ísland – Danmörk | 91 - 45 | |
| Ísland – Finnland | 92 - 81 | |
| Ísland – Noregur | 84 - 39 | |
| | | |
| Leikur um 1. sæti | | |
| Ísland – Svíþjóð | 77 – 76 | **Norðurlandameistarar** |

Eftirtaldir leikmenn skipuðu unglingalandslið drengja fæddir 1988 - 1989

| | |
|---|---|
| Brynjar Þór Björnsson | KR |
| Gissur Helguson | Valur |
| Gústaf Gústafsson | Valur |
| Hörður Hreiðarsson | Valur |
| Hörður Axel Vilhjálmsson | Fjölnir |
| Emil Jóhannesson | Fjölnir |
| Sigurður Þorsteinsson | KFÍ |
| Þórir Guðmundsson | KFÍ |
| Þröstur Leó Jóhannsson | Keflavík |
| Hjörtur Einarsson | Njarðvík |
| Páll Halldór Kristinsson | Keflavík |
| Hafþór Björnsson | Breiðablik |

| | | |
|---|---|---|
| Úrslit leikja: | | |
| Ísland – Svíþjóð | 77 - 59 | |
| Ísland – Danmörk | 75 - 66 | |
| Ísland – Finnland | 68 - 64 | |
| Ísland – Noregur | 73 - 83 | |
| | | |
| Leikur um 1. sæti | | |
| Ísland – Svíþjóð | 86 – 55 | **Norðurlandameistarar** |

**Evrópukeppni yngri landsliða**

Miklar breytingar hafa verið gerðar á Evrópukeppni keppni yngri landsliða. Mótin verða fyrir fleiri árganga og fleiri leikir verða leiknir í hverju móti. KKÍ sendi tvö lið til þátttöku þ.e. stúlknalandslið (fæddar 1988 og síðar) sem hélt til Eistlands og lék átta leik og drengjalandsliðið (drengir fæddir 1988 og síðar) sem hélt til Englands og lék níu leiki.

Eftirtaldir leikmenn skipuðu stúlknalandsliðið (stúlkur fæddar 1988 og síðar) sem keppti í Eistlandi B-deild Evrópukeppninnar. Þjálfari Henning Henningsson og aðstoðarþjálfari Jón Halldór Eðvaldsson. Dómari var Kristinn Óskarsson.

| | |
|---|---|
| Helena Sverrisdóttir | Haukar |
| Bára Fanney Hálfdanardóttir | Haukar |
| Sara Dögg Ólafsdóttir | Haukar |
| Hrönn Þorgrímsdóttir | Keflavík |
| Ragnheiður Theodórsdóttir | Keflavík |
| Bára Bragadóttir | Keflavík |
| Guðrún Harpa Guðmundsdóttir | Keflavík |
| Bryndís Guðmundsdóttir | Keflavík |
| María Ben Erlingsdóttir | Keflavík |
| Ingibjörg Skúladóttir | UMFH |
| Ingibjörg Vilbergsdóttir | UMFN |
| Helga Einarsdóttir | Tindastóll |

Úrslit leikja:

| | | |
|---|---|---|
| 30. júlí | Ísland – Holland | 69 - 50 |
| 31. júlí | Ísland – Eistland | 76 – 73 |
| 1. ágúst | Ísland – Litháen | 77 – 94 |
| 2. ágúst | Ísland – Finnland | 86 - 64 |
| 3. ágúst | Ísland – Lettland | 68 - 64 |
| 5. ágúst | Ísland – Írland | 86 - 58 |
| 7. ágúst | Ísland – England | 71 - 68 |
| 8. ágúst | Ísland – Svíþjóð | 66 - 63 |

Íslenska liðið lenti í 2. sæti og er það glæsileg frammistaða.

Eftirtaldir leikmenn skipuðu drengjalandsliðið (fæddir 1988 og síðar) sem tók þátt í B-deild Evrópukeppninnar í England. Þjálfari var Benedikt Guðmundsson. Fararstjóri var Björn M. Björgvinsson. Dómari var Sigmundur Már Herbertsson.

| | |
|---|---|
| Brynjar Þór Björnsson | KR |
| Gústaf Gústafsson | Valur |
| Hörður Hreiðarsson | Valur |
| Emil Þór Jóhannesson | Fjölnir |
| Hörður Axel Vilhjálmsson | Fjölnir |
| Páll H. Kristinsson | Keflavík |
| Þröstur Leó Jóhannsson | Keflavík |
| Sigurður Þorsteinsson | KFÍ |
| Þórir Guðmundsson | KFÍ |
| Hafþór Björnsson | Breiðablik |
| Böðvar Björnsson | ÍA |
| Hjörtur H. Einarsson | Njarðvík |

Úrslit leikja:

| | | |
|---|---|---|
| 6. ágúst | Ísland – Ungverjaland | 66 - 54 |
| 7. ágúst | Ísland – Svíþjóð | 66 - 72 |
| 8. ágúst | Ísland – Austurríki | 77 - 52 |
| 9. ágúst | Ísland – Írland | 63 – 51 |
| 10. ágúst | Ísland – Finnland | 75 – 51 |
| 12. ágúst | Ísland – Makedónía | 93 – 88 |
| 13. ágúst | Ísland – Tékkland | 75 – 73 |
| 14. ágúst | Ísland – England | 65 – 53 |
| 15. ágúst | Ísland – Holland | 72 – 78 |

Íslenska liðið lenti í 1. sæti og ávann rétt fyrir drengjalandslið (drengir fæddir 1989 og síðar) til að leika í A-deild Evrópukeppninnar sumarið 2005. Í mótslok var Brynjar Þór Björnsson útnefndur mikilvægasti leikmaður mótsins.

**Elítu-búðir sumarsins 2004**

Fyrri Elítu-búðir KKÍ þetta sumarið voru haldnar í íþróttahúsinu við Austurbergi í júní. Elítu-hóparnir eru undanfarar yngri landsliða Íslands, en í þessum æfingabúðum stýra unglingalandsliðsþjálfarar æfingum og fara yfir ýmis tækniatriði.
Æfingabúðirnar voru fyrir drengi sem fæddir eru 1991, 1992, og 1993 og stúlkur fæddar 1990, 1991 og 1992.
Seinni Elítu-búðir KKÍ voru haldnar í íþróttahúsi Seljaskóla í ágúst. Æfingabúðirnar voru sem fyrr fyrir drengi fædda 1991, 1992 og 1993 og stúlkur fæddar 1990, 1991 og 1992.
Yfirumsjón með Elítu-búðunum hefur Benedikt Guðmundsson.

**Verkefni framundan**

Norðurlandamót í maí 2005
Stúlkur fæddar 1989 og síðar. Þjálfari Hlynur Skúli Auðunsson
Stúlkur fæddar 1987 og síðar. Þjálfari Ágúst Björgvinsson
Drengir fæddir 1989 og síðar. Þjálfari Einar Árni Jóhannsson
Drengir fæddir 1987 og síðar. Þjálfari Ingi Þór Steinþórsson

Evrópukeppni yngri landsliða
Stúlkur fæddar 1989 og síðar. Þjálfari Hlynur Skúli Auðunsson.
Stúlkur fæddar 1987 og síðar. Þjálfari Ágúst Björgvinsson
Drengir fæddir 1989 og síðar. Þjálfari Einar Árni Jóhannsson
Drengir fæddir 1987 og síðar. Þjálfari Ingi Þór Steinþórsson
Drengir fæddir 1985 og síðar. Þjálfari

Í sumar munu drengir og stúlkur (fædd 1990 og síðar) æfa eins og s.l. sumar og hefja undirbúning fyrir keppni á Norðurlandamóti og Evrópukeppni 2006. Lið skipuð leikmönnum fædd 1991 verða kölluð til leiks í sumar.

F.h. unglinganefndar KKÍ
Björn M. Björgvinsson
Þóra Melsted

# SKÝRSLA DÓMARANEFNDAR

Í dómaranefnd keppnistímabilið 2004-2005 voru skipaðir af KKÍ þeir Hannes S.Jónsson og Aðalsteinn Hjartarson. Sigmundur Már Herbertsson kom inn í nefndina í desember 2004 þar sem Aðalsteinn flutti erlendis. KKDÍ skipaði Helga Bragason í nefndina fyrir hönd dómara.

Í upphafi tímabils var ljóst að veturinn yrði mjög erfiður fyrir nefndina þar sem ekki var mikið af dómurum starfandi. Dómaranefnd ákvað því að raða ekki dómurum á leiki í drengjaflokki og því miður staðreynd að dómaraskortur hafði mest áhrif á yngri flokkanna. Það tókst að manna leiki í unglingaflokki karla og meistaraflokkunum.

Þau dómaranámskeið sem haldinn voru fyrir áramót voru vel sótt en því miður skilar ekki nema örfá prósent sér úti í dómgæsluna á fullu. Mjög góð mæting var á námskeið í lok febrúar í Reykjavík og þar voru 7-8 einstaklingar sem ætla að koma á fullu í dómarastarfið næsta vetur. Það er því mun bjartara ástandið fyrir næsta vetur en betur má ef duga skal. Það vantar ennþá um 10-15 dómara til þess að ástandið teljist eðlilegt.

Haustfundur dómara var haldinn að Laugarvatni um miðjan september. Þar fóru menn yfir nýjar reglur og fóru yfir áherslur vetrarins. Dómarar taka þrekpróf reglulega og í vetur urðu þrekprófin fjögur talsins.

Á tímabilinu færði dómaranefnd eftir talda dómara úr B-flokki í A-flokk:
Gísla Páll Pálsson, Lárus Ingi Magnússon, Halldór Geir Jensson, Jón Guðmundsson, Björn Leósson og Örn Smárason .

FIBA dómarar okkar þeir Sigmundur Már Herbertsson og Kristinn Óskarsson hafa fengið mikið af verkefnum á tímabilinu og greinilegt að þeir sem ráða dómaramálum hjá FIBA eru ánægðir með þá félaga því þeim hefur verið treyst fyrir nokkrum erfiðum leikjum í Evópukeppnunum í vetur.

Kristinn Óskarsson sótti endurmenntunarnámskeið FIBA á Kanaríeyjum um mánaðarmótin maí-júní.
Dæmdi í Evrópukeppni U-16 ára kvenna í Rakvere í Eistlandi í ágúst.
Dæmdi í Norðurlandamóti félagsliða í september.
Dæmdi í Evrópukeppni landsliða A-deild og B-deild í september, alls tvo leiki.
Dæmdi í FIBA-Europe League karla og kvenna alls sjö leiki á tímabilinu október 2004 – febrúar 2005.

Sigmundur Már Herbertsson sótti endurmenntunarnámskeið FIBA á Kanaríeyjum í júní.
Dæmdi á Norðurlandsmóti unglinga í Svíðþjóð í maí.
Dæmdi á Promotion cup kvenna á Andorra í júlí.
Dæmdi í B-deild Evrópukeppni U-16 ára landsliða karla í Brighton á Englandi í ágúst.
Dæmdi einn leik í Evrópukeppni landsliða kvenna í september.
Dæmdi í FIBA-Europe Leugue og FIBA Europe cup karla og kvenna alls sjö leiki á tímabilinu nóvember 2004 – febrúar 2005.

Björgvin Rúnarsson, Eggert Aðalsteinsson og Erlingur Snær Erlingsson dæmdu á Norðurlandamóti unglinga í Svíþjóð í maí.

Rögnvaldur Hreiðarsson dæmdi á Norðurlandsmóti kvenna í Svíþjóð í ágúst.

Björgvin Rúnarsson, Brynjar Örn Steingrímson, Davíð Hreiðarsson, Guðni E. Guðmundsson, Halldór Geir Jensson fóru á eigin vegum og dæmdu á Scania cup í Svíþjóð í mars.

Í vor munu Björgvin Rúnarsson og Erlingur Snær Erlingsson sækja dómaranámskeið hjá FIBA og verður fróðlegt að sjá hvernig þeim vegnar þar.

Pétur Hrafn Sigurðsson var eftirlitsmaður á öllum heimaleikjum Keflavíkur í bikarkeppni Evrópu.

F.h.  dómaranefnd KKÍ<br>Hannes S.Jónsson<br>Helgi Bragason<br>Sigmundur Már Herbertsson

# SKÝRSLA AGANEFNDAR

Alls bárust 32 mál til meðferðar aganefndar KKÍ keppnistímabilið 2004-2005, sem er átján málum færra en á tímabilinu á undan. Allar kærurnar voru frá dómurum. Kærur þessar voru flestar á hendur leikmönnum eða 24 talsins og 8 kærur voru á hendur þjálfurum.

Alls voru 18 kærur vegna leikja í mfl.ka., 3 vegna ul.fl. ka., 1 vegna ul.fl.kvenna, 7 vegna drengjaflokks, 1 vegna 11. flokks karla og 1 vegna minnibolta karla. Engin kona var kærð til aganefndar á tímabilinu.

Af þeim 32 málum sem bárust aganefnd voru aðilar úrskurðaðir í leikbönn í öllum tilvikum. Í 23 málum var eins leiks bann niðurstaðan, tveggja leikja bann í 6 málum og þriggja leikja bann 3 málum.

F.h. aganefndar KKÍ
Björn Leósson

# ÁRSREIKNINGUR

## EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2004

| | | Skýr. | **2004** | **2003** |
|---|---|---|---|---|
| **EIGNIR:** | | | | |
| Bankainnistæður ............................... | x | | 35.764 | 16.823 |
| Viðskiptakröfur ................................ | x | 10 | 10.037.355 | 11.394.930 |
| Birgðir bóka um sögu körfuknattleiks . | x | | 0 | 200.000 |
| Skrifstofuáhöld og tæki ...................... | x | | 164.138 | 164.138 |
| | | | **10.237.257** | **11.775.891** |
| | x | | | |
| **SKULDIR:** | **x** | | | |
| Skuld við lánastofnanir ...................... | | | 4.933.690 | 3.272.236 |
| Viðskiptaskuldir ................................ | x | 11 | 5.891.226 | 3.972.381 |
| Ýmsar skammtímaskuldir .................. | x | | 4.420.115 | 4.252.296 |
| Skattar? .......................................... | x | | 0 | 2.444.500 |
| Skuldir umfram eignir 31. desember ... | x | 9 | (5.007.773) | (2.165.521) |
| | | | **10.237.257** | **11.775.891** |

Við undirrituð höfum yfirfarið framanskráðan
ársreikning Körfuknattleikssambands Íslands, sem
saminn er eftir bókhaldi þess.
Álítum við að reikningurinn gefi rétta mynd af
efnahag sambandsins 31. desember og veiti nægilegar
upplýsingar um rekstur þess á síðasta starfsári.

Reykjavík 26. apríl 2005

---------------------------------------
-
Otto Hafliðason

---------------------------------------
-
Gísli Friðjónsson

# REKSTRARREIKNINGUR 2004

## TEKJUR:

| | Skýr. | 2004 | 2003 |
|---|---|---|---|
| Framlög og styrkir .................................................. | 1 | 12.688.212 | 17.202.961 |
| Tekjur af leikjum .................................................... | 2 | 6.639.775 | 6.447.200 |
| Auglýsingatekjur ..................................................... | | 7.833.432 | 6.963.032 |
| Landslið ................................................................ | 3 | 2.990.700 | 4.735.179 |
| Fræðslu- og útbreiðslustarfsemi ............................... | | 940.694 | 55.000 |
| Aðrar tekjur ............................................................ | 4 | 8.442.595 | 4.477.418 |
| Vaxtatekjur ............................................................. | | 0 | 897.999 |
| | | **39.535.408** | **40.778.789** |

## GJÖLD:

| | Skýr. | 2004 | 2003 |
|---|---|---|---|
| Yfirstjórn ............................................................... | 5 | 15.596.526 | 13.829.719 |
| Þjálfun og kennsla .................................................. | 6 | 785.557 | 1.030.000 |
| Íþróttaleg viðskipti .................................................. | 7 | 15.993.959 | 15.514.369 |
| Kynning, fræðsla og útbreiðslustarfsemi .................... | | 1.999.930 | 2.596.861 |
| Rekstur mannvirkja ................................................. | | 708.974 | 670.392 |
| Önnur gjöld ............................................................. | 8 | 6.057.039 | 3.551.545 |
| Afskriftir ................................................................. | | 0 | 61.609 |
| Vaxtagjöld .............................................................. | | 1.235.674 | 2.149.973 |
| | | **42.377.659** | **39.404.468** |
| Tekjur umfram gjöld (gjöld umfram tekjur) | | **(2.842.251)** | **1.374.321** |

## SKÝRINGAR MEÐ ÁRSREIKNINGI

| | 2004 | 2003 |
|---|---|---|
| 1. FRAMLÖG OG STYRKIR: | | |
| Lottó ...................................................................... | 6.752.649 | 6.302.982 |
| Útbreiðslustyrkur ÍSÍ ................................................ | 3.624.334 | 2.074.218 |
| Smáþjóðaleikarnir ..................................................... | 0 | 2.948.968 |
| Aðrir styrkir ............................................................. | 2.311.229 | 5.876.793 |
| | **12.688.212** | **17.202.961** |

| | | |
|---|---|---|
| 2. TEKJUR AF LEIKJUM: | | |
| Þátttökugjöld á Íslandsmóti ........................................ | 4.669.800 | 4.504.000 |
| Bikarkeppni .............................................................. | 1.749.800 | 1.539.000 |
| Önnur mót ............................................................... | 220.175 | 404.200 |
| | **6.639.775** | **6.447.200** |

| | | |
|---|---|---|
| 3. LANDSLIÐ: | | |
| A - landslið .............................................................. | 505.000 | 831.629 |
| Unglingalandslið ....................................................... | 2.240.700 | 2.346.600 |
| Kvennalandslið ......................................................... | 245.000 | 1.556.950 |
| | **2.990.700** | **4.735.179** |

| | | |
|---|---|---|
| 4. AÐRAR TEKJUR: | | |
| Innheimt v/ferðalaga dómara ..................................... | 4.652.019 | 3.000.000 |
| Sektargreiðslur ......................................................... | 1.816.490 | 873.060 |
| Félagaskipti .............................................................. | 1.974.086 | 574.358 |
| Annað ..................................................................... | 0 | 30.000 |
| | **8.442.595** | **4.477.418** |

## SKÝRINGAR MEÐ ÁRSREIKNINGI

5. YFIRSTJÓRN:

| | 2004 | 2003 |
|---|---:|---:|
| Laun starfsmanna og launatengd gjöld ......................... | 9.182.433 | 8.754.838 |
| Sími og burðargjöld ................................................... | 452.947 | 380.457 |
| Pappír, prentun og ritföng .......................................... | 373.351 | 333.587 |
| Bókhaldskostnaður .................................................. | 555.751 | 886.590 |
| Viðhald áhalda ......................................................... | 308.294 | 2.495 |
| Tölvukostnaður ........................................................ | 192.971 | 208.038 |
| Ferðakostnaður og dagpeningar ................................. | 708.571 | 417.500 |
| Auglýsingar ............................................................. | 90.225 | 0 |
| Þinghald, fundir og ráðstefnur .................................... | 2.803.217 | 2.550.471 |
| Kostnaður vegna FIBA ............................................ | 64.657 | 6.432 |
| Fjölmiðlavaktin ........................................................ | 82.066 | 76.759 |
| Gjafir og viðurkenningar ............................................ | 28.097 | 69.196 |
| Niðurfærsla viðskiptakrafna ...................................... | 687.442 | 126.953 |
| Annar kostnaður ...................................................... | 66.504 | 16.403 |
| | **15.596.526** | **13.829.719** |

6. ÞJÁLFUN OG KENNSLA:

| | | |
|---|---:|---:|
| A-landslið ............................................................... | 130.000 | 380.000 |
| Unglingalandslið stúlkna og drengja ............................ | 445.557 | 520.000 |
| Kvennalandslið ......................................................... | 210.000 | 130.000 |
| | **785.557** | **1.030.000** |

7. ÍÞRÓTTALEG VIÐSKIPTI:

| | | |
|---|---:|---:|
| Íslandsmót ............................................................... | 982.090 | 1.532.671 |
| Bikarkeppni .............................................................. | 731.000 | 0 |
| Smáþjóðaleikarnir ..................................................... | 0 | 5.267.476 |
| A-landslið ............................................................... | 6.040.227 | 1.290.855 |
| Unglingalandslið stúlkna og drengja ............................ | 5.827.369 | 5.389.063 |
| Kvennalandslið ......................................................... | 2.157.957 | 142.685 |
| Önnur mót og leikir ................................................... | 255.316 | 1.891.619 |
| | **15.993.959** | **15.514.369** |

## SKÝRINGAR MEÐ ÁRSREIKNINGI

| | 2004 | 2003 |
|---|---|---|
| 8. ÖNNUR GJÖLD: | | |
| Ferðakostnaður dómara ........................................... | 4.652.019 | 3.377.815 |
| Annar kostnaður ..................................................... | 1.405.020 | 173.730 |
| | **6.057.039** | **3.551.545** |

| | | |
|---|---|---|
| 9. EIGIÐ FÉ: | | |
| Skuldir umfram eignir 1/1 .......................................... | (2.165.522) | (3.539.843) |
| Gjöld umfram tekjur skv. rekstrarreikningi .................. | (2.842.251) | 1.374.321 |
| | **(5.007.773)** | **(2.165.522)** |

| | | |
|---|---|---|
| 10. VIÐSKIPTAKRÖFUR: | | |
| Félögin ...................................................................... | 8.998.632 | 8.642.783 |
| Aðrar viðskiptakröfur .............................................. | 1.038.723 | 2.752.147 |
| | **10.037.355** | **11.394.930** |

| | | |
|---|---|---|
| 11. VIÐSKIPTASKULDIR: | | |
| FIBA ....................................................................... | 3.116.942 | 2.410.172 |
| Flugleiðir .................................................................. | 1.374.908 | 0 |
| Aðrir lánadrottnar ..................................................... | 1.399.376 | 1.562.209 |
| | **5.891.226** | **3.972.381** |